

Heit og ljúffeng



PIZZA

HAMRABORG

Hafnarstræti 7 - 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsumsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is





Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 1. mars 2006 · 9. tbl. · 23. árg.



Menntaskólinn á Ísafirði.

Ólína hættir sem skólameistari MÍ

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, hefur ákveðið að sækjast ekki eftir endurskipun í embætti skólameistara þegar skipunartími hennar rennur út að loknu þessu skólaári, eða í lok júlí í sumar. Í fréttatilkynningu sem Ólína sendi fjölmiðlum á laugardag, segir

hún ákvörðun sína tekna í kjölfar mikilla deilna í skólanum. Hún segir hana tekna að vel athuguðu máli og með velferð skólans og sína eigin að leiðarljósi. Þá segir Ólína menntamálaráðuneytið standa ráðþrota gagnvart deilunni og að sáttasamningur sem lagt var upp með, sé í uppnámi.



Ólína Þorvarðardóttir.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, segir í samtali við RÚV að unnið verði áfram að skólaþróunarverkefni við Menntaskólann á Ísafirði þó Ólína Þorvarðardóttir skólameistari hafi ákveðið að sækjast ekki eftir áframhaldandi skipun í embætti. Þá segist mennta-

málaráðherra ekki geta tekið undir þá fullyrðingu skólameistara að skólanefnd og ráðuneyti hafi staðið ráðþrota frammi fyrir þeim vanda sem uppi hefur verið í skólastarfinu.

Yfirlýsing Ólínu Þorvarðardóttur er birt í heilu lagi á bls. 6 í blaðinu í dag. – bb@bb.is

Mat á umhverfisáhrifum Arnkötludalsvegur

Enn beðið eftir úrskurði umhverfisráðuneytisins

Átján mán- aða fangelsi fyrir kyn- ferðisbrot

Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í 18 mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot með því að hafa haft samræði við stúlku á meðan hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndruna.

Staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Vestfjarða frá því í sumar. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða stúlkunni 800 þúsund krónur í bætur.

Umhverfisráðuneytið hefur enn ekki úrskurðað um mat á umhverfisáhrifum Arnkötludalsvegur. Vegagerðin kærði úrskurð Skipulagsstofnunar um umhverfismat Arnkötludalsvegur og fór fram á að ákveðnum framkvæmdarskilyrðum yrði aflétt og er úrskurðar á grundvelli þeirrar kærðu beðið. Kæran barst ráðu-

neytinu í október sl. og hafði það löglegan frest til að afgreiða kæruna til 9. desember. Haft var eftir ráðuneytismönnum í desember að afgreiðsla kærunnar hefði dregist vegna mikilla anna hjá ráðuneytinu en að úrskurðar mætti vænta í lok janúar. Nú er febrúar að verða búinn og ekkert bolar á úrskurðinum.

Meðal þeirra skilyrða sem voru kærð var að framkvæmdaaðili þurfi að tryggja að á varptíma, það er frá maílokum og fram undir ágústlok, standi ekki yfir framkvæmdir á svæðinu á Hrófá í Vonarholti í Arnkötludal og við Foss í Gautsdal. Einnig var sett skilyrði um að ekki megi berast grugg í fiskgenga læk og ár á

tímabilinu 15. júní til 30. september. Úrskurðinn mátti kæra til umhverfisráðherra til 14. október, en ekki bærast kærur frá fleirum en Vegagerðinni, sem bendir á í kærðu sinni að skilyrði sem þessi séu mjög þýngjandi fyrir framkvæmdaaðila, ekki síst í ljósi þess að aðalframkvæmdatíminn er á sumrin. – gudrun@bb.is



Nýtt
símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er

410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018


úrval

Samkaup

OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



525 7800

ALLT UM FLUTNINGA – EITT NÚMER – GREIÐ LEIÐ

VIÐSKIPTA
ÞJÓNUSTA
EIMSKIPS
525 7800

EIMSKIP
www.eimskip.is | info@eimskip.is

Sigurður Pétursson, oddviti Í-listans í sveitarstjórnarkosningunum í Ísafjarðarbæ

Himinlifandi yfir þátttökunni í prókjörinu

„Við erum himinlifandi yfir þátttökunni í prókjörinu, að svona stór hópur bæjarbúa hafi veitt okkur brautargengi“, segir Sigurður Pétursson sagnfræðingur og kennari við Menntaskólann á Ísafirði sem sigraði í prókjöri Í-listans í Ísafjarðarbæ sem fram fór sl. laugardag.

„Ég er sáttur við úrslitin fyrir mína hönd. Ég held þetta sé sterkur hópur sem raðast upp og mun leiða listann, með góða og víðtæka reynslu. Nú tekur við vinna að stefnumótun og við munum kalla til einstaklinga, hópa og fyrirtæki til ráðgjafar við stefnumótun og verðum tilbúin að taka við stjórninni í vor. Ég vil koma þökkum til þeirra sem studdu mig og tóku þátt í prókjörinu“, segir Sigurður.

Í öðru sæti varð Magnús Reynir Guðmundsson bæjarfulltrúi Frjálslynda flokksins í Ísafjarðarbæ og er gott hljóð í honum eftir prókjörið. „Ég er sáttur við úrslitin. Nú munum við hittast við tækifæri og ganga frá lista, ekki er búið að ákveða hvenær“, segir Magnús. Sigurður fékk 192 atkvæði í 1. sæti og alls 294 atkvæði. Magnús Reynir var með 122 atkvæði í 2. sæti og alls 203 atkvæði. Í þriðja sæti varð Arna Lára Jónsdóttir, stjórnmalafraeðingur og verkefnisstjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða með 130 atkvæði í 3. sæti og alls 160 atkvæði og í fjórða sæti varð Jóna Benediktsdóttir, kennari á Ísafirði með alls 235 atkvæði í 1.-4. sæti.

– gudrun@bb.is



Sigurður ásamt Örne Lára sem hafnaði í þriðja sæti og Magnúsi Reyni sem skipar annað sætið.

Arna Lára Jónsdóttir, stjórnmalafraeðingur

„Alveg í skýjunum með úrslitin“

Arna Lára Jónsdóttir, stjórnmalafraeðingur og verkefnisstjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, hlaut umboð til 3. sætis hjá Í-listanum í komandi sveitarstjórnarkosningum í Ísafjarðarbæ í prókjöri flokksins á laugardag. „Ég er alveg í skýjunum“, segir Arna Lára aðspurð hvort hún sé ekki ánægð með úrslitin.

„Ég stefndi að þessu en ég var voða glöð því ég bjóst við ekki við að fá alveg svona

góða kosningu.“ Úrslitin voru gerð kunn í prófkjörsfagnaði Í-listans í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað. „Það var rosa fín stemmning og ég gat ekki séð neinn hafi verið spældur“, segir Arna Lára. Hún er fulltrúi Samfylkingarinnar í samstarfi Í-listans og fékk 130 atkvæði í 3. sæti og alls 160 atkvæði. Tólf framhjódendur gáfu kost á sér í kjörinu og greiddu alls 478 einstaklingar atkvæði.

– thelma@bb.is



Arna Lára Jónsdóttir.

„Kominn tími á breytingar“

Jóna Benediktsdóttir, kennari og aðstoðarskólustjóri á Ísafirði, lenti í 4. sæti í prókjöri Í-listans á laugardag. Hún hlaut alls 235 atkvæði í 1.-4. sæti. „Ég er mjög ánægð með þetta og list mjög vel á listann. Þar er valinn maður í hverju rúmi og breitt svið sem þetta fólk nær að spanna“, segir Jóna. Aðspurð segir hún kosningabaráttuna fram-

undan leggjast mjög vel í sig.

„Ég hlakka til að takast á við þetta og tel vera kominn tími á breytingar hjá okkur. Það er ýmislegt gott sem núverandi meirihluti hefur gert en einnig ýmislegt sem ég myndi gera öðruvísi“, segir Jóna sem er fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs í samstarfi Í-listans. – thelma@bb.is

Erling Blöndal Bengtsson

Heldur hátíðartónleika í Hömrum

Sellónillgurinn Erling Blöndal Bengtsson heldur sérstaka hátíðartónleika í Hömrum á Ísafirði sunnudaginn 12. mars nk. Tilefnið er að um þessar mundir eru 60 ár síðan hann hélt fyrst tónleika á Íslandi. Efnisskrána prýða fyrsta og síðasta sellósvíta Bachs, verk sem tónskáldið Atli Heimir Sveinsson samdi og tileinkaði Erling og verk eftir danska tónskáldið Niels Viggo Bentzon. Erling hefur tekið ástföstri við Ísafjörð því þar var móðir hans fædd og móðurforeldrar hans hvíla í kirkjugarðinum þar. Hann hefur nokkrum sinnum haldið tónleika á Ísafirði áður og hélt einnig master-dass fyrir sellóleikara á tónlistar-



Erling Blöndal Bengtsson. Hátíðinni Jónsmessunætur sem haldin var á Ísafirði sumarið 2001. Tónleikarnir hefjast kl. 17 sunnudaginn 12. mars og eru Vestfirðingar hvattir til að nýta þetta tækifæri til að hlýða á listamanninn því hér er um einstakan listviðburð að ræða. – gudrun@bb.is



Ípróttaálfurinn og Solla stíra úr Latabæ voru mætt á ballið.

Maskadeginum fagnað á Eyrarskjóli

Prinsessur, ofurhetjur og furðudýr voru saman komin á grímuballi leikskólans Eyrarskjóli til að fagna maskadeginum á mánudag. Börnin komu saman í sal leikskólans íklædd gervum og dönsuðu saman af miklum móð. Ekki var annað að sjá en að þau skemmtu sér konunglega þegar ljósmyndara blaðsins bar að garði. Óhætt er að segja að maskaballið hafi verið góð upphitun fyrir daginn en eins og kunnugt er fara börn á Ísafirði í hópum milli húsa þegar skyggja tekur til að syngja og þiggja nammi og annað góðgæti að launum.

– thelma@bb.is

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra

Skiptir mestu að skólinn blási til sóknar

„Mestu máli skiptir að skólastarf komist í góðan farveg og skólinn blási til sóknar“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra í samtali við Fréttablaðið um uppsögn Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara Menntaskólans á Ísafirði. Þorgerður segist meta það að Ólí

na taki þessa ákvörðun með hagsmuni skólans í huga. Félagssvísindastofnun Háskóla Íslands vann úttekt um mál menntaskólans fyrir menntamálaráðuneytið í fyrra og þar kom fram að ábyrgð á stöðu mála lægi ekki hjá einum tilteknum einstaklingi heldur bæru margir ábyrgð á stöð-

unni. Þá segir í skýrslunni: „Þá er ástæða til að taka alvarlegar vísbendingar um að rekja megi yfirstandandi deilu til þess að hluti starfsmanna hafi verið í kerfisbundinni andstöðu við skólameistara í næstum fjögur ár. Verði skólameistari að víkja í slíkum aðgerðum verður að tryggja að

næsti skólameistari lendi ekki í sama vanda. Slíkt verður ekki gert nema viðkomandi kennarar láti af störfum við skólann. Um er að ræða sex til sjö kennara og aðra starfsmenn sem verða að víkja.“ Þorgerður telur þessar tilögur ekki eiga við í þessu tilfelli, hún segir Ólínu hafa

tekið sjálfstæða ákvörðun og að ráðuneytið sé ekki að segja henni upp eða að verið sé að ýta henni burt. Þorgerður segir að áfram verði unnið að mállefnum skólans og þó að greinilegt sé að það þurfi að laga eitt og annað þá megi ekki dvelja um of við fortíðina heldur eigi að horfa fram á veginn.



Reykjavík! rokkaði af stórkostlegum móð.

Rokk og ról á Sólrísu

Að kvöldi laugardags var boðið upp á kraftmikla rokk-súpu af hálfu Sólríshátíðar menntaskólans, en þar stigu á svið hljómsveitirnar Weapons, Noise, Ég, Reykjavík! og Dr. Spock. Góð mæting var á tónleikana og heljar rokkstemning.

Hljómsveitin Reykjavík! spilaði, söng og dansaði af þvífíkum áhuga að allt ætlaði um koll að keyra, og þá ekki síst hljómsveitarmeðlimina sjálfa, og áttu að öðrum ólöstuðum kraftmestu sviðsframkomuna. Hljómsveitinni Dr. Spock tókst það afrek að

sprengja kerfið og slá út rafmagninu með sérlega hressilegri rokkmúsík sinni. Þá átti hljómsveitin Ég sérlega dillandi takta þar sem þeir sungu heillandi dægurlög um fótboltakappa og breskar poppstjörnur, og fleira frétt-næmt. – eirukur@bb.is



Hljómsveitin Ég var meðal þeirra sveita sem spíluðu í menntaskólanum á laugardag.

Eftirspurn eftir fasteignum eykst í Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður hefur sl. tvo mánuði skrifað undir sölu á tíu húseignum sem voru í eigu húsnaðisnefndar bæjarins. Um er að ræða íbúðir í fjölbýlishúsi, eitt raðhús og tvö parhús. Síðustu tvö ár hafa tuttugu eignir húsnaðisnefndar verið seldar og því er augljóst að hér er um mikla aukningu að ræða.

Eftirspurn eftir fasteignum í Bolungarvík jókst verulega á seinni hluta síðasta árs og er þetta mjög jákvæð þróun, bæði fyrir bæjarbúa sem og kaupstaðinn sjálfan. Ekki hefur verið mikið um fyrirspurnir og kaup fasteigna frá utanaðkomandi fólki heldur er ungt fólk í Bolungarvík að öðlast trú á því að fjárfesta í heimabyggð. Frá þessu er sagt á vefsíðu Bolungarvíkurkaupstaðs.

– gudrun@bb.is

Rótahátíð haldin

Rætur, félag áhugafólks um menningarfjölbreytni, hefur ákveðið að halda „Rótahátíð“ sunnudaginn 26. mars nk. Yfirskrift hátíðarinnar er „Fögnum fjölbreytileika í samfélaginu“ og er hún haldin í samstarfi við Fjölmenningssetur og Rauða krossinn.

Dagur Sameinuðu þjóðanna gegn fordómum er 21. mars og er hátíðin einnig í tengslum við hann. Hátíðin fer fram í Menntaskólanum á Ísafirði og verður margt í boði.

Framúrskarandi vímuefnaforvarnir

Um 40 manns tóku þátt í sérstökum rýnifundi sem Vá Vesthópurinn stóð fyrir sl. fimmtudag. Þátttakendur gáfu vímuefnaforvörnum á norðanverðum Vestfjörðum einkuna 3 af 5 mögulegum, og er ekki litið á stöðu forvarna sem slæma en ekki heldur sem framúrskarandi. Fundargestir voru sammála um að vel væri staðið að ýmsum málum sem koma að börnum og unglingum, s.s. starfsemi félagsmiðstöðva og Gamla apóteksins. Þá töldu þeir nægt framboð á tómstundum fyrir börn og unglinga en að betur mætti kynna hvað er í boði og auka aðgengi.

Eftir ákveðna lægð finnur fólk nú mikinn vilja hjá foreldrum til að taka þátt í forvarnarstarfi og að mati fundargestara er lögreglan mjög vel

vakandi fyrir velferð barna og ungmenna. Þátttakendur voru einnig sammála um að efla þyrfti beinar forvarnir, annað hvort með því að styrkja Vá Vesthópin enn betur eða stofna til eins starfs forvarnarfulltrúa sem styddi við þá hópa sem með einum eða öðrum hætti eru að vinna að forvörnum. Efling foreldrasamstarfs var rauði þráðurinn í gegnum alla umræðuna á fundinum. Næstu skref eru nú að vinna úr þeim hugmyndum sem komu fram á fundinum og að samþætta starf allra þeirra er koma að forvarnarmálum.

Fundurinn er liður í vímuefnaforvarnarstarfi hagsmunaaðila á norðanverðum Vestfjörðum. Vá Vesthópurinn hafði fengið tvo sérfræðinga frá verkefninu Vertu til, þá



Um 40 manns mættu á fund Vá Vesthópsins.

Þröst Olaf Sigurjónsson lektor hjá Háskólanum í Reykjavík og Rafn M. Jónsson verkefnisstjóra Lýðheilsustöðvar, til að annast utanumhald fundarins og úrvinnslu. Þeir höfðu á orði

að fundurinn á Ísafirði hafi verið fjölmennasti fundurinn af þessu tagi, en þeir hafa farið víða um land og aðstoðað sveitarfélög með þessum hætti. Þeir voru sömuleiðis

mjög ánægðir með þá líflegu og markvissu umræðu sem skapaðist og töldu að fundargestir hefðu komist yfir miklu meira efni heldur en hægt er að ætlast til, miðað við umfang

og tíma. Vá Vesthópurinn vill þakka öllum þátttakendum á fundinum innilega fyrir framlag þeirra sem er samfélaginu öllu, og sérstaklega ungmennum, ákaflega mikils virði.

Marsibil Kristjánsdóttir (Billa) er myndlistarkona frá Þingeyri. Hún hélt sína fyrstu sýningu á Ísafirði í sumar en hefur áður sýnt verk sín í Kaupmannahöfn, á Bíldudal og Þingeyri. Hún fluttist til Ísafjarðar árið 2000 með manni sínum Elfari Loga Hannessyni og tveimur dætrum, Þórunni Sunnevu og Heiði Emblu. Þriðja dóttirin. Alda Íðunn, fæddist svo á Ísafirði 2002. Marsibil fór að vinna í gömlu vélsmiðjunni á Þingeyri við að móta línuskífur, leiðagrindur o.fl. og hóf rekstur kaffihússins Langa Manga 2003 ásamt manni sínum. Nú kennir hún myndlist við Grunnskólann á Ísafirði og hefur í hyggju að einbeita sér enn frekar að myndlist auk þess sem hún hefur ýmislegt í deiglu.

– Langaði þig alltaf til þess að verða myndlistarkona?

„Já, ég hef verið að teikna og fíkta með liti frá því að ég man eftir mér.“

– Hefurðu haldið margar sýningar á verkum þínum?

„Ég var með fimm sýningar áður en ég flutti til Ísafjarðar. Nokkrar á Bíldudal og svo í Danmörku og á Þingeyri. Það var þó allt annað en það sem ég er að fást við núna. En það var alltaf draumurinn að verða málari. Ég hef líka verið nokk-

kennara og prófaði að sækja um þótt ég væri ekkert vöðalega bjartsýn af því ég var ekki með meiri menntun í þessum efnum. En ég fékk starfið og það hefur gengið mjög vel. Ég legg mikið upp úr því að leyfa nemendum að prófa nýja hluti. Læt þá prófa sig áfram með ýmsa liti og efni. Leyfi þeim að spreyta sig á þessu sjálf. Maður lærir oft best af því að prófa sig áfram. Ef maður gerir mistök þá bara lærir maður af þeim.



Lætur pennann ráða förinni

uð í handverki. Þá sagaði ég út og hannaði mínar eigin figúrur. Ég er mikið fyrir að gera hlutina sjálf og öðruvísi en allir aðrir. Vil koma með nýjar hugmyndir. Þannig hef ég alltaf verið. Meira að segja í grunnskóla valdi ég allt öðruvísi en allir hinir. Það er eitt hvað mótlæti sem er í manni. En ég áttaði mig á því síðar meir að það að vera öðruvísi er einmitt það sem vekur athygli.“

– Lagðirðu stund á myndlistarnám eða ertu sjálfærð?

„Ég fór aðeins í kvöldskóla í hluta- og módelteikningu á Akureyri þegar ég var 16 ára. En það er eina menntunin sem ég hef hlotið í þessu. Þegar ég var í grunnskóla var ekki boðið upp á myndmennt. Draumurinn er alltaf að fara í skóla og þá langar mig mest til að læra almenna hönnun. Mér finnst það mjög spennandi enda svo fjölbreytt. Það hentar mér vel því þegar ég er að skapa þarf ég helst að hafa mörg járn í eldinum. Saga út og föndra meðfram myndlistinni og jafnvel að skrifa ljóð. Núna var ég einmitt að vinna í leikmyndinni fyrir nýjasta einleik Kómedíuleikshússins, Dimmalimm. Ég byrjaði að skipta mér af leikmynd og búningum þegar ég bjó á Bíldudal, þar sem leikfélagið Baldur var mjög virkt og er það enn.“

Myndir eru ljóð án orða

„Svo er ég farin að kenna myndmennt í Grunnskólanum á Ísafirði. Ég sá að það vantaði

Ég leyfi þeim því að fíkta innan ákveðinna marka.

Þannig er það líka með mínar stelpur. Ég hef leyft þeim að fíkta sig sjálfar áfram. Ekki að mata börnin endalaust heldur leyfa þeim að finna þetta sjálf út, vitaskuld með aðstoð. Það er svo þroskandi að fá að leika sér að hlutunum.“

– Nú segir þú að það skipti þig miklu máli að gera verk sem eru einstök og ólíkum öllum öðrum, en átt þú fyrirmynd í myndlistinni?

„Já, ég uppgötvaði það þegar ég var með sýningu á Langa Manga í júlí í fyrra að ég á fyrirmynd. Hann Alfreð Flóka sem að visu er dæmin núna. Það er gaman að sjá hversu mikil áhrif myndir sem teiknaðar eru á blað geta haft á fólk, engir litir bara ímyndunarveiki með penna. Ég reyni að vekja athygli á ýmsu í verkum mínum og þau hafa mismunandi áhrif á fólk. Ég reyni að leika mér dálítið að ímyndaunaraflinu og því góða og slæma og blanda því gjarnan saman. Ég teikna mismunandi myndir eftir skapi og því geta verk mín virkað eins og dagabók. Ég byrja oft með ákveðna mynd í huga en útkoman verður allt önnur. Það er eins og einhver annar stjórni pennanum. Ég læt pennann bara ráða. Ég ákveð að ég geri engin mistök og það er ástæða fyrir því að eitthvert strikið verður ekki eins og það átti að vera í upphafi. Enda eiga myndirnar ekki að vera fullkomnar og ég leik mér að því að ýkja flest hlutföll. Myndlist er ekki svo ólík ljóðlistinni og

segja má að myndir séu ljóð án orða.“

Að skapa sinn eigin stíl

„Það eru engar reglur lengur í myndlistinni. En mér finnst þeir sem eru ólærðir oft vera vanmetnir. Það er eins og þeir sem hafa menntunina á bak við sig geti selt myndirnar á mun hærra verði en þeir sem eru ekki menntaðir. Mér finnst að verðið ætti að fara eftir vinnunni að baki myndarinnar en ekki hversu lengi listamaðurinn hefur setið á skólabekk.“

Þegar ég bjó út í Danmörku fór ég í heimsókn til Tryggva Ólafssonar myndlistarmanns. Hann átti engan sófa í stofunni hjá sér, þannig að þar voru engin þægindi. Hann sagði að ef hann ætti sófa þá væri hann alltaf þar. Það er viss sannleikur í því. Maður verður að halda sig við verkið. Hann sagði líka að ef maður ætlaði að koma sér áfram þyrfti maður að koma með eitthvað nýtt, skapa sinn eigin stíl og halda sig við það. Maður þyrfti að vera duglegur að teikna og halda sýningar.“

– Hvað er svo framundan hjá þér?

„Ég ætla að halda sýningu í mars á Café Milanó, þar á eftir kemur sýning í Flókalundi í sumar. Svo hefur mér verið boðið að taka þátt í samsýningu á Patreksfirði á sjómennadaginn. Auk þess er ég að fara að myndskreyta ljóðabók. Það er því nóg að gera“, segir Marsibil með bros á vör.

„Núna er ég að prófa mig áfram í að nota texta í mynd-

unum. Á síðustu sýningu var ég með galdratákn, núna er ég að nota rúnir. Til þess að geta skrifað þær rétt varð ég að vita hvað ég væri að skrifa þannig að hægt og rólega lærði ég rúnirnar sem ég var að nota. Svo langar mig til að læra skrautskrift. Það er aldrei að vita nema á næsta ári muni ég vera með ljóðsýningu þar sem verkin væru bæði ljóð og myndir. Það er hægt að leika sér svo mikið með pennateikningar. Ég hef enn ekki farið út í að nota liti með myndunum mínum. Ég á eftir að prófa það einhvern daginn en eins og er eru svarthvítar myndir stillinn minn. Rétt eins og Alfreð Flóki sem teiknaði eingöngu svarthvítar myndir.“

– Það eru annasamir tímar framundan hjá þér?

„Já, það er margt framundan. Fyrst á dagskrá er að klára sýninguna Dimmalimm og svo er það bara næsta skref og þannig koll af kolli. Það er ekki annað hægt en að smitast af dugnaðinum hjá Loga auk þess sem hann er duglegur að hrósa mér og koma með hugmyndir um allt það sem hægt væri að gera. Það munar líka miklu að vera farin að kenna og geta nýtt sumarið í að teikna.“

Á eftir að láta drauminn rætast

– Það eru margir listamenn af ýmsum toga í fjölskyldunni hennar Marsibil og hún hefur ekki langt að sækja hæfileikana.

„Ég fæddist á Þingeyri og bjó þar til 18 ára aldurs. Þabbi

minn er Kristján Gunnarsson sem rekur Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar og er vélsmiðameistari. Mamma mín er Alda Sigurveig Sigurðardóttir fiskvinnslukona og hún er mikið í handverkinu. Hún er einmitt að sauma búninga og brúður fyrir Dimmalimm svo segja má að þetta sé orðið eins konar fjölskyldufyrirtæki“, segir Marsibil og hlær.

„Sigurður karl bróðir minn er einmitt að sjá um rafmagn, ljós og þess háttar. Ég á tvo bræður og sá eldri, Róbert Daníel, hefur mikið verið að smíða úr járn og hefur unnið með pabba í vélsmiðjunni í mörg ár. Þar er hann að smíða ýmsa gripi og vonandi getur hann grætt á ferðamönnum í sumar. Sigurður Karl sá yngri hefur einnig verið að leika sér við ýmislegt. T.d. hafa þeir báðir búið til kajak og bjarga sér þannig að þeir smíða hlutina sjálfir. Þeir kunna líka báðir á saumavél og hafa saumað sér segl og annað. Við erum öll þannig að við tökum því ekki sem sjálfsögðum hlut að fá allt upp í hendurnar heldur notum bara það sem til er. Þannig hefur það bara alltaf verið.“

Afi minn, Gunnar Guðmundsson frá Hofi, var málari. Hann málaði mikið af myndum og fjallað var um hann í bókinni Einfarar í íslenskri myndlist. Hann var sem sagt einn af þeim. Amma mín gerði mikið af steinamyndum þar sem hún muldi steina og notaði til að búa til myndir. Ég á margar minningar af afa mínum þar sem hann sat í einum

stól í stofunni og málaði á mynd sem var á öðrum stól. Ég sat sem töfrud og horfði á. Einnig fékk ég að gera steina og skeljamyndir með ömmu og ég held að þetta hafi smitað svolítið út frá sér. Það skiptir svo miklu máli það sem maður upplifir sem barn.

Það er ein ósk sem amma mín bað mig um sem ég ætla að láta rætast einhvern daginn. Hún kom með mynd af gömlu kirkjunni á Ísafirði sem brann og bað mig um að gera mynd af henni. Afi var þá látinn og hún komin á elliheimilið svo hún bjóst ekki við að eiga eftir að gera hana og því bað hún mig um það. Það er skondið að hún skuli hafa minnst á kirkjuna á Ísafirði því ég bjóst aldrei við að flytja hingað. Ég ætlaði alls ekki að flytja aftur vestur og langaði mun meira út í heim. En ömmu þótti mjög vænt um þessa kirkju og talaði oft um hana.

Ég hef enn ekki látið verða af því en það er bara tíma-spursmál. Það væri mjög gaman að gera svarthvítu mynd af kirkjunni og ýkja hlutföllin aðeins eins og mín er venja.

Svo á ég annan draum en það er að skrifa bók og myndskreyta, eftir sögu sem ég samdi fyrir börnin mín. Eins og með aðrar sögur sem maður segir börnunum sínum þá er boðskapur í henni. En það er ágætt að vera búin að vera duglegur að koma sér á framfæri áður en maður fer út í slíkar framkvæmdir. En aðalatriðið er að hafa gaman af þessu, það skiptir öllu“, segir Marsibil.

– thelma@bb.is



Frá Bolungarvík.

Fagna auknum samgöngubótum

Aðalfundur Sjálfstæðisfélagsins Völusteins í Bolungarvík fagnar því að samgöngur á Vestfjörðum verði bættar. Á fundinum sem haldinn var í Kjallaranum í Einarshúsi á dögnum var svohljóðandi ályktun samþykkt:

„Afleiðingar af háu gengi íslensku krónunnar hafa komið berlega í ljós á undanförmum mánuðum. Ekki einungis í erfiðleikum hefðbundinna útflutningsgreina, heldur einnig á sviði hátækniiðnaðarins og í ferðaþjónustu. Á sama hátt og hátt gengi rýrir tekjur útflutningsfyrirtækja, þá rýrir það einnig tekjur þeirra sem eiga afkomu sína

undir þessum atvinnugreinum. Ástandið er skýrt m.a. með gríðarlegri útlánaþensla í bankakerfinu ásamt aukinni verðbólgu og hækkun stýrivaxta Seðlabankans. Nauðsynlegt er að draga úr þenslunni í þjóðfélaginu, þar sem hennar gætir mest, með aðgerðum í opinberum fjármálum og peningamálum. Þó er rétt að áréttu að ekki verði dregið úr opinberum framkvæmdum á svæðum þar sem einkenna þenslu gætir lítt eða alls ekki.

Fundurinn fagnar því að nú hyllir undir að íbúar norðanverðra Vestfjarða komist á bundnu slitlagi inná hringveg-

inn, með lokaáfganga framkvæmda í Ísafjarðardjúpi, vegi um Arnkötludal og Gautsdal ásamt framkvæmd við uppbyggingu vegar um Svínadal. Góðar samgöngur á landi hafa aldrei verið mikilvægari fyrir uppbyggingu atvinnulífsins á landsbyggðinni. Það átak sem ríkisstjórnin hefur sett af stað varðandi öruggar samgöngur á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar er þakkarvert. Í því sambandi er rétt að áréttu það að samgönguráðherra hefur lýst því yfir á Alþingi að öryggi í samgöngum á milli byggðarlaganna verði tryggt þegar endanleg ákvörðun um útfærslu á

jarðgöngum verður tekin, að loknum þeim rannsóknnum sem nú standa yfir.

Fundurinn ítrekar mikilvægi góðra flugsamgangna á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Uppbygging varaflugvallar á Þingeyri gegnir þar lykilhlutverki, en fyrirsjáanlegt er að sú aðgerð mun fækka verulega þeim dögum sem ófært er flugleiðina vestur. Fundurinn telur ófrávikjanlegt að staðsetning hátæknisjúkrahúss taki mið af staðsetningu miðstöðvar innanlandsflugs, með það í huga að fjarlægð þar á milli verði sem allra minnst.“

– thelma@bb.is

Tónlistarhátíðin Við Djúpið

Haldin í fjórða sinn í sumar

Tónlistarhátíðin Við Djúpið verður haldin í fjórða skipti dagana 20.-24. júní. Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari hefur tekið við forstöðu hátíðarinnar af upphafsmönnum hennar, þeim Guðrúnu Birgis-

dóttur og Pétri Jónassyni. Tinna vinnur nú að fjórðflun og kynningu hátíðarinnar og sér til liðsinnis hefur hún fengið Greip Gíslason.

Þeir sem fram koma á hátíðinni í sumar eru ekki af

verri endanum frekar en vanalega en á meðal þeirra eru Peter Maté píanóleikari, Sigurín Hjálmtýsdóttir óperusöngkona og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari. Hátíðin tókst mjög vel í fyrra

og var vel sótt bæði af gestum og bæjarbúum. Fjölbreytt og víðamikil tónleikahald einkenndi hátíðina þá en einnig voru ýmis námskeið í boði, m.a. jóga.

– gudrun@bb.is

Menntaskólinn á Ísafirði

Yfirlýsing frá skólameistara

„Undirrituð hefur ákveðið að óska ekki eftir áframhaldandi skipun í embætti skólameistara við Menntaskólann á Ísafirði eftir lok yfirstandandi skipunartíma, sem rennur út 31. júlí næstkomandi. Hef ég óskað lausnar frá embætti frá sama tíma. Ákvörðun þessa hef ég tekið að vel athuguðu máli á eigin forsendum. Hún er tekin með velferð skólans í huga, í þeirri von að takast megi að leysa þennan mikilvæga vinnustað úr þeim heljargreipum ófriðar sem honum hefur verið haldið í undanfarin misseri.

Menntaskólinn á Ísafirði hefur á undanförmum 5 árum skipað sér í hóp framsæknustu og best reknu framhaldsskóla landsins. Þann ótvíræða árangur staðfestir skýrsla Félagsvísindastofnunar HÍ um starfsumhverfi Menntaskólans á Ísafirði frá því í desember 2005.

Það er harmsefni að sá árangur sem náðst hefur í starfrækslu skólans skuli undanfarin misseri hafa verið yfirskyggður af innanhúsdeilum og niðurrifsumræðu sem enn sér ekki fyrir endann á. Óvissa ríkir um áframhald skólaþróunarverkefnisins sem ætlað var að efla frið og eindrægni meðal starfsfólks. Enn hafa ekki allir starfsmenn skólans skuldbundið sig til þátttöku í verkefninu og ekki verður séð að ráðuneytið hafi úrræði til að bregðast við í þeirri stöðu. Fámennur en hávær hópur andstæðinga minna heldur skólanum í herkví, skólamefnend og ráðuneyti standa ráðþrota frammi fyrir vand-



anum og hafa ekki veitt stjórnendum eða hinum almenna starfsmanni þann tilstyrk sem þurft hefði. Við þessar aðstæður er stjórnendum í reynd gert ókleift að vinna að framför skólans – og við svo búið má ekki standa lengur.

Um leið og ég tilkynni brotthvarf mitt úr starfi skólameistara Menntaskólans á Ísafirði skora ég á menntamálaráðuneytið og skólanefnd að standa til fulls við forsendur tillögu þeirrar sem kynnt var starfsmönnum af fulltrúum Félagsvísindastofnunar og ráðuneytisins þann 6. desember s.l. svo tryggja megi framtíðarstarfsfrið í skólanum.

Þá mánuði sem eftir eru af starfstíma mínum hyggst ég nýta til þess að búa í hagin fyrir komandi skólaár og ljúka verkefnum sem biða úrlausnar fram að þeim tíma. Að því loknu vonast ég til þess að geta staðið upp frá vel unnu verki og kvatt nemendur skólans og starfsfólk í fullum friði og sátt.

Menntaskólanum á Ísafirði, stjórnendum hans, nemendum og dyggum starfsmönnum óska ég allrar blessunar í bráð og lengd.

Ísafirði 25. febrúar 2006, Ólína Þorvarðardóttir. “

■ RITSTJÓRNARGREIN

Málið er í athugun

Ungur maður grípur til pennans, sem af mörgum er talinn eitt skæðasta vopnið sem maðurinn hefur yfir að ráða og spyr: Eiga amma og afi þetta skilið? Ráðalaus upplifir hann þunglyndi og einmanaleik afa síns og ömmu vegna þeirra aðstæðna er þau búa við. Heilsufari þeirra er misháttað; afinn getur ekki lengur búið heima hjá sér og er á hjúkrunarheimli; konan er ekki nógu veik til að fá þar inni og situr eftir heima; engin stofnun þar sem unnt er að leysa sameiginlegan vanda þeirra er fyrir hendi; þeim er stíðað í sundur og gráta hvort í sínu horni.

Ungi maðurinn og fjölskylda hans eru ekki ein um ráðaleysið. Ráðamenn einnar ríkustu þjóðar heims, að okkur er sagt, standa ráðþrota. Hvers vegna hafa margir spurt? Hefur áhuginn um of beinst að öðru?

„Auðvitað kostar það peninga (að skapa gamla fólkinu mannsæmandi líf skjör, innsk.bb) og yfirvöld hafa ekki aðgang að ótakmörkuðu magni af peningum. Samt hefur tekist að samþykkja að eyða ómældu magni af fjármunum í fókdyr tónlistarhús, íþróttahallir, snobbverkefni, úrelt landbúnaðarkerfi, jarðgöng og hátæknisjúkrahús (sem óljós þörf er fyrir) svo fátt eitt sé nefnt.“ segir ungi maðurinn og bætir við: „Vandi stjórnmalamána er að velja og hafna.“

Biturleiki unga mannsins er skiljanlegur. Ríku þjóðina skortir ekki fjármagn til þeirra hluta, sem taldir eru gefa eitthvað í aðra hönd; sem taldir eru líklegir til vinsælda. Þótt gamla fólkið hafi atkvæðisrétt á kjördegi þá vita menn af langri reynslu að þar fer hópur sem ólst

ekki upp við kröfugerð fyrir eigið skinn; barátta þess beindist að því að rífa sig upp úr eynd og volæði og búa í hagin fyrir komandi kynslóðir. Sjálft sat það lengst af á hakanum og situr enn, margt hvert.

Eflaust er hægt að sannfæra marga um að það sé ríkri þjóð til vegsemdar og það gangi í augu útlendra að státa af milljarðahöllum íþrótt- og hrossaakademía út um allar grundir; í sýningarferðum þar að lútandi er þó eins gott að flagga ekki um of hvernig þessi sama ríka þjóð býr hinum öldruðu ævikvöldið.

Er ekki dapurlegt til þess að hugsa að á sama tíma og ungur, ráðalaus maður fellir tár yfir aðskilaði afa og ömmu á síðustu æviárum þeirra, vegna þess að ekki eru til hjúkrunarheimili fyrir þau, skuli fólk allt til 70 ára aldurs þurfa að greiða skatt af ellilaunum sínum til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem um árábil hefur að verulegum hluta hefur verið nýttur til annarra hluta en honum var ætlað í upphafi? Til þeirra hluta dagaði málið ekki uppi í nefnd!

„Stefna yfirvalda í garð gamla fólksins er háð vilja en ekki getu.“ segir ungi maðurinn og vill fá svör við því hvað stjórnmöld ætla að gera í málinu.

Málið er í athugun!
Eigum við von á þessu svari?

s.h.

Tölvu tilboð

**FRÁBÆRT
VERÐ!**


**Aðeins
9.990.-**

Prentari

HP Laser Jet 1020

HP Laser Jet 1020

- Prentarhraði: Monochrome paper
- Hraði: 14.4ppm, 4 min.
- 10 arkir á sekúnda eða 12 arkir á sekúnda eða 12 arkir á sekúnda
- Ókeypis 254 MB RAM
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Targrúpa: Fast-speed printing
- Samdrættir: 10% drættir
- Minnir: 100 MB
- Inngangur: 100 MB
- Útgáfa: 100



**FRÁBÆRT
VERÐ!**

**Aðeins
9.995.-**

Bleikspautuprentari

HP Bleikspautuprentari 1040

HP Bleikspautuprentari 1040

- Prentarhraði: HP Thermal Inkjet
- Prentarhraði: 14.4ppm, 4 min.
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi



**Aðeins
8.490.-**



Fjölnotatæki

HP Fjölnotatæki PSC 1210, prentari-skannar-fjölnotatæki


HP Fjölnotatæki PSC 1210, prentari-skannar-fjölnotatæki

- Prentarhraði: 14.4ppm, 4 min.
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi
- Útgáfa: 1200x1200 dpi

Fartölva

HP iPAQ 1000

- Ókeypis Intel Pentium M 770 (2.13 GHz, 500 MHz FSB, 2 MB L2-cache)
- Ókeypis Intel 915PM chipset, Enhanced Intel SpeedStep technology
- Ókeypis 10.4" TFT LCD (1024x768) wide-viewing angle (1600x1200x1600)
- Ókeypis PCI Express taking up DDR400MHz & 512MB memory support
- Ókeypis 100MB (100MB) hard drive (100MB) hard drive
- Ókeypis 100MB (100MB) hard drive (100MB) hard drive
- Ókeypis 100MB (100MB) hard drive (100MB) hard drive
- Ókeypis 100MB (100MB) hard drive (100MB) hard drive
- Ókeypis 100MB (100MB) hard drive (100MB) hard drive
- Ókeypis 100MB (100MB) hard drive (100MB) hard drive



80GB

1024MB

2.13GHz

199.990.-



Office1 Superstore

3 ÁR

Þrátt fyrir þessu

Hálf öld frá sjósetningu Gunnvarar ÍS-270

Á þriðjudag í síðustu viku liðin 50 ár frá því að vélbáturinn Gunnvör ÍS-270 var sjósettur hjá Skipasmiðastöð M. Bernharðssonar hf. á Ísafirði. Skipið var smíðað fyrir sam-

nefnt útgerðarfélag sem stofnað var nokkru áður. Í blaðinu Ísfríðingi birtist eftirfarandi frétt 24. mars 1956: „21. fyrri mánaðar hljóp af stokkunum nýr bátur í skipasmiðastöð M.



Nýr bátur í ísfrzka vélbáttaflotann.

Þetta er m.b. Gunnvör, annar nýi báturinn, sem höttist við ísfrzka flotann á s.l. vetr. Hann er að renna af stokkunum í Skipasmiðastöð M. Bernharðssonar hf. og ungir og áhugasamir Ísfríðingar, sem sjálfsagt mta sér að verða sjómenn þegar þeir stækka, hofa á fleyð renna á síð

Sjósetning Gunnvarar ÍS. Mynd:
Kristján G. Jóhannsson/ úr blaðinu Vesturlandi.



Gunnvör ÍS-270. Sjá má í fjöllumunum hvað snjóalög eru lík því sem er í dag, 50 árum síðar.

Mynd: Kristján G. Jóhannsson/Jón Aðalbjörn Bjarnason ljósmyndari.

Bernharðssonar er hlaut nafnið Gunnvör, ÍS 270. Báturinn er rúml. 47 smálestir að stærð með 220-280 h.a. G.M. diesel-vél og Lister ljósavél. Eins og vænta mátti er báturinn hinn glæsilegasti og hefur reynst mjög vel í alla staði.“

Að sögn Kristjáns G. Jóhannssonar á Ísafirði var smíði Gunnvarar ÍS upphafið að smíðum margra báta af svip- aðri stærð fyrir útgerðir á Ísa- firði og í Hnífsdal. Á nokkrum árum smíðaði M. Bernharðs- son 6 báta fyrir útgerðir hér.

Þessir bátar voru 47-60 tonn að stærð og voru grunnurinn að öflugri bátaútgerð hér á svæðinu á þessum tíma.

Hálf öld var frá stofnun útgerðarfélagsins Gunnvarar 7. október sl. Sýning um sögu félagsins var af því tilefni í

Safnahúsinu á Eyrartúni á Ísafirði. Sýningin var sam- starfsverkefni Safnahússins og HG, en eins og nafnið gefur til kynna var það fyrirtæki stofnað með sameiningu Gunnvarar og Hraðfrystihúss- ins í Hnífsdal.— gudrun@bb.is

Heildaraflaverðmæti landaðs fisks á Vestfjörðum

Dregst saman um 12% á milli ára

Aflaverðmæti þess fisks sem var landað á Vestfjörðum frá janúar til nóvember 2005 var 3.524 milljónir, en á sama tíma árið áður var aflaverðmætið 3.976 milljónir og er það samdráttur um 12 prósent. Af þorski var tæplega 25 þúsund tonnum landað á Vestfjörðum á tímabilinu árið 2004, að verðmæti 2.576 milljónir, en á sama tíma ári síðar var ríflega 21 þúsund

tonnum af þorski landað að verðmæti 2.199 milljónir. Aflaverðmæti ýsu fyrstu ell- efu mánuði ársins 2004 var 419 milljónir, en landað var 6.659 tonnum.

Ári síðar var aflaverðmætið 457 milljónir, og hafði aukist um 9 prósent, en landað var 6.706 tonnum. Af steinbít var 3.208 tonnum landað fyrstu ellefu mánuðina 2004, en 3.771 tonni árið eftir. Afla-

verðmætið 2004 var ríflega 195 milljónir, en ári síðar hafði það aukist verulega og náði ríflega 271 milljón.

Af grálúðu var 1.123 tonn- um landað fyrstu ellefu mán- uðina árið 2004, og ári síðar voru tonninn aðeins færri eða 1.116. Aflaverðmæti grálúð- unnar var ríflega 267 milljónir árið 2004 en 255 milljónir árið 2005. Eins og þekkt er hefur mikill samdráttur verið í

rækjuveiðum en frá janúar til nóvember árið 2004 var 4.401 tonni landað á Vestfjörðum að verðmæti 404,5 milljónir, en á sama tíma ári síðar var einungis 1.626 tonnum landað að verðmæti tæpar 129 millj- ónir. Tölurnar hér að framan eru fengnar frá Hagstofu Íslands og miðast við janúar- nóvember 2004 annars vegar og janúar-nóvember 2005 hins vegar. — eirikur@bb.is

Engin fegurðar- samkeppni í ár?

Fegurðarsamkeppni Vestfjarða verður blásin af ef ekki fást nægir þátttak- endur. „Svo gæti farið að keppnin yrði slegin af því enn hafa ekki nógu margar stelpur fengist til þátttöku. Við getum ekki haldið keppni með eingöngu tvær til þrjár stelpur“, segir Stef- án Dan Óskarsson einn af aðstandendum keppinnar.

Ef næg þátttaka fæst til að halda keppnina mun hún fara fram þann 27. mars í Krúsinni á Ísafirði.

„Það yrði tæpt en við gæt- um náð því ef við fáum nógu margar stelpur strax“, segir Stefán. Keppnin er haldin annað hvert ár. Meðþáttaka var í síðustu keppni þar sem níu stúlkur tóku þátt.

— thelma@bb.is

● **Sælkeri vikunnar** • Laddawan Dagbjartsson í Bolungarvík

Bragðgóðir réttir úr austri

Sælkeri vikunnar býður upp á framandi og ljúffenga rétti sem er auðvelt að mat- reíða. Laddawan býður upp á steiktar núðlur sem er létt- ur og bragðgóður réttur og svo gult karrí sem er bragð- meiri. Báðar uppskriftirnar miðast við fjóra. Einnig býður hún upp á steikt græn- meti. Þá vill Laddawan benda á að allar vörurnar sem notaðar eru í réttina eru til í Thai Koon á Ísafirði.

Steiktar núðlur

1 pakki egg núðlur
3 stk gulrætur
¼ haus hvítkál
1 stk blaðlaukur
3 msk. ostrusoja
3 msk. baunasoja

1 msk svína eða kjúklinga- krydd (heitir Rosdee)
1 msk sykur
5-6 msk grænmetisolía

Skerið allt grænmetið í strimla. Sjóðið núðlurnar í ca. 5 mín. Skiljið vatnið frá núðl- unum með sigti og skolið þær með köldu vatni. Hitið olfuna á wok eða venjulegri pönnu. Bætið núðlunum við og hrær- steikið í tvær mínútur. Bætið sojasósunum við og hrærið vel saman þar til núðlurnar eru orðnar vel heitar. Bætið síðan grænmetinu út í og steikið um stund. Að lokum er sykrinum og kryddinu bætt út í. Hrærið vel í.

Gult karrí

1 dós kókosnetumjólk
1 msk gult karrímauk
800 g lambakjöt (skorið í litla teninga) eða annað kjöt
3 laukar skornir í báta (4 bitar)
20 litlar kartöflur (takið hýði af)
3-4 dl af vatni
1 tsk salt
1 tsk svínakrydd
1 msk af sykri

Setjið kókosnetumjólkina í rúmgóðan pott á meðal hita ásamt karríinu. Látið þetta hitna og hrærið það saman. Bætið kjöti út í og steikið í u.þ.b. 5 mín. Setjið vatn út í og látið sjóða í 20 mín. Setjið kartöflurnar út í pottinn, látið sjóða áfram í 10 mín. Setjið

laukinn út í og látið sjóða í 5 mín. Bætið sykri svínakryddi og salti í pottinn og hrærið saman. Berið fram með hris- grjónum.

Steikt Grænmeti

7 msk olía
3 hvítlauksrif
3-4 gulrætur sneiddar frekar þunnt
1 ferskt spergilkál skorið niður
¼ hvítkál skorið í þunna strimla
8-10 sólþurrkaðir tomatar í sneiðar
1 laukur skorinn í sneiðar
1 rauð paprika í strimlum
2 msk hvítsoja
5 msk ostrusoja
1 msk kjúklingakrydd



(heitir Rosdee)

Hægt er að nota hvaða grænmeti sem er.

Hitið olfuna og pressið hvít- laukinn og létt brúnið. Ef kjöt er notað í réttinn er það skorið í þunna strimla og steikt á undan grænmetinu (látið bara lítið af kjöti) og steikið í u.þ.b. 7 mín. Bætið smá vatni út á pönnuna á meðan verið er að steikja. Síðan er grænmetið

látið út í eitt í einu, fyrst það sem þarf lengri suðu. Á meðan verið er að steikja grænmetið á að setja soja- sósurnar smátt og smátt út í. Steikið áfram í ca. 10 mín og setjið síðan kryddið út í. Berið fram með hrisgrjónum.

Ég skora á Guðbjörgu Ólafsdóttur á Ísafirði að verða næstu sælkeri vik- unnar.

Grunnskólanemum á Vestfjörðum

Hefur fækkað um 82 síðan 2001

Grunnskólanemendur á Vestfjörðum hefur fækkað um 82 síðan 2001. Grunnskólar voru 14 á Vestfjörðum 2001 en eru nú 13, Broddanesskóli var lagður niður 2004. Fækkun hefur orðið í öllum nema þremur skólanna. Mest hefur fækkað í Grunnskólanum í Vesturbyggð, sem samanstendur af Patreksfjarðarskóla, Birkimelsskóla og Bíldadalsskóla, eða um 32 nemendur. Hlutfallslega er fækkunin þó mest í Grunnskólanum á Tálknafirði þar sem nemendum fækkaði úr 61 í 48, eða um 21%.

Mesta fjölgunin er í Grunnskólanum á Borðeyri en þar voru 6 nemendur 2001 en eru nú 20. Þá fjölgaði grunnskólanemendum um 3 á Hólmavík og um 10 á Súðavík. Síðan 2001 hefur nemendum fækkað um 25 á Ísafirði, 10 í Bolungarvík, 3 á Flateyri, 6 á Suðureyri, 5 á Þingeyri, 7 á Reykhólum, 13 á Tálknafirði og 1 í Finnbogastaðaskóla. Á Drangsnesi stendur nemendafjöldinn í stað með 16 nemendur. Fjölmennustu grunnskólarirnir á Vestfjörðum eru Grunnskólinn á Ísafirði með 521 nemanda, Grunnskóli



Grunnskólinn á Ísafirði er fjölmennasti grunnskóli Vestfjarða.

Bolungarvíkur með 146 nemendur og Grunnskólinn í Vesturbyggð með 136 nemendur. Þar á eftir kemur Grunnskólinn á Hólmavík með 82 nem-

endur, Grunnskólinn á Þingeyri með 57 nemendur, Grunnskólinn á Tálknafirði með 48 nemendur, Grunnskólinn á Suðureyri með 46 nemendur,

þá Reykhólaskóli og Súðavíkurskóli með 40 nemendur hvor og Grunnskóli Önuðarfjarðar með 34 nemendur. Fjölmennustu skólarnir eru Grun-

nskólinn á Borðeyri með 20 nemendur, Grunnskólinn á Drangsnesi með 16 nemendur og Finnbogastaðaskóli með 4 nemendur. – gudrun@bb.is

Hæsta jöfnunarframlag á íbúa næstum tífalt hærra en það lægsta

Bæjarhreppur fær hæstu framlög sveitarfélaga á Vestfjörðum á hvern íbúa í útgjaldajöfnunarframlög á árinu 2006. Lægstu framlögin eru til íbúa í Árneshreppi. Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur samþykkt að leggja til að áætlun um heildarúthlutun útgjaldajöfn-

unarframlaga nemi 3.100 milljónum á árinu 2006 en þar af koma tæpar 298 milljónir króna í hlut sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hæsta framlagið kemur í hlut Ísafjarðarbæjar eða um 120 milljónir króna. Í hlut Vesturbyggðar koma tæpar 58 milljónir króna og

Hólmavíkurbær með rúm- ar 26 milljónir króna. Til ýmissa aðstæðna er horft þegar útgjaldajöfnunarframlagið er reiknað. Sem dæmi má nefna að Ísafjarðarbær fær um 13 milljónir króna vegna fjölda þéttbýlisstaða í sveitarfélaginu, rúmar 8 milljónir vegna fjarlægða í sveitarfélaginu,

rúmar 12 milljónir vegna skólaaksturs í dreifbýli og rúmar 6 milljónir vegna snjó- moksturs í þéttbýli. Því kemur jöfnunarsjóður að nokkru til móts við mismunandi aðstæður í rekstri sveitarfélaga. Framlögin verða greidd mánaðarlega, en 10% er þó haldið eftir af áætluðum fram-

lögum til að mæta því ef ráðstöfunarfé sjóðsins verður minna eða útgjöld meiri en áætlað var. Bæjarhreppur fær um 105 þúsund krónur á hvern íbúa en Árneshreppur um 11 þúsund krónur á íbúa. Ísafjörður fær um 29 þúsund krónur á íbúa, Bolungarvík um 25 þús-

und krónur, Vesturbyggð um 60 þúsund krónur, Súðavík um 66 þúsund, Reykhól- a- hreppur um 95 þús., Hólma- víkurhreppur um 58 þúsund, Tálknafjarðarhreppur um 33 þúsund, Kaldraneshreppur um 55 þúsund og Broddanes- hreppur um 71 þúsund krónur á hvern íbúa. – gudrun@bb.is

Endurbætur á Herkastalanum hefjast brátt

Fyrirhugaðar endurbætur á Mánagötu 4 hefjast á næstunni ef allt gengur eftir. Að sögn Bernharðs Hjaltalín eiganda hússins er beðið eftir styrkveitingu frá húsafríðunarnefnd og eftir það er hægt að hefjast handa.

„Ég er byrjaður að innan en ætli útvinna hefjist ekki í kringum 1. apríl, þá verða settir upp stillansar o.þ.h.“, segir Bernharð. Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar veitti sl. sumar heimild til að skipta tveimur íbúðum hússins í þrjár íbúðir og til að hafa í húsinu verslunar- og þjónusturými auk þess að setja kvist á austurhlíð hússins. Breytingarnar eru hannaðar af Sverri Norðfjörð.

Mánagata 4 er í daglegu tali nefnd Herkastalinn og hófst bygging hússins árið 1920. Það er 533 fm að stærð auk 95 fm samkomu- salar. Hjálpræðisherinn reisti húsið og árið 1922 var stofnsett í kjallara þess „gamalmennahéli“ og mun



það hafa verið fyrsta dvalarheimili aldraðra á Íslandi. Síðar rak Hjálpræðisherinn um áratuga skeið gisti- og sjómannaheimili í húsinu. Um tíma var þar einnig heimavist Menntaskólans á Ísafirði. Einnig var rekið öflugt safnaðarstarf í húsinu um margra áratuga skeið. Núverandi kastala- eigandi, Bernharð Hjaltalín veitingamaður, hefur leigt það út til íbúðar.

Í húsinu hefur Kómedíuleikhúsið líka aðsetur og þar er einnig jógasalur Stúdío Dan. Húsið hefur nokkuð látið á sjá síðustu áratugi og því kominn tími til að hressa upp á útlit þess. – gudrun@bb.is



Þessi mynd var tekin af útblæstrinum frá Funa á fimmtudagsmorgun.

Óeðlilega áberandi reykur frá Funa

Útblástursreykur frá Sörpbrennslustöðinni Funa hefur verið mjög áberandi að undanfögnu. Fjölmargir lesendur hafa haft samband við blaðið vegna þessa og hafa m.a. líkt ástandinu við rússneska iðnaðarborg. Ástæða þess að reykurinn er svo áberandi er bilun í

stýribúnaði, ofan á það vandamál sem fyrir var, að enn eru ekki komnir nýir pokar í siubúnað. Unnið er að viðgerð stýri- búnaðarins og að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar bæjartækni- og raf- og el- fjarðarbæjar verða nýir pokar væntanlega settir upp í vor. Ástæður þess að

svo langan tíma tekur að setja upp nýja poka segir hann vera þær að ekki hafi verið vitað hvað olli skemmdum á pokum sem settir voru upp sumarið 2004 en voru teknir niður sl. sumar vegna þess að göt voru komin á þá. „Við lét- um kanna það úti hvort pokarnir hefðu verið gall-

aðir en svo var ekki. Þá könnuðum við málin hjá okkur og teljum okkur hafa fundið orsökina. Við þurfum að gera breytingar hjá okkur svo þetta komi ekki fyrir aftur“, segir Jóhann Birkir. Það sem olli skemmdunum er að sögn Jóhanns tæknilegt vandamál. – gudrun@bb.is



Byggðastefnan lítið annað en samansafn af orðum?

Einar Oddur Kristjánsson á Flateyri hefur setið á þingi tæplega þrjú kjörtímabil, allan tímann sem stjórnarþingmaður. Hann hefur þó ekki alltaf tekið öllum málum ríkisstjórnarinnar fagnandi heldur hefur hann óhikað og umbúðalaust beitt sér gegn og greitt atkvæði gegn ýmsum fyrirætlunum og ráðstöfunum hennar. Ekki síst á sviði peningamála, þar sem hann hefur haft uppi alvarleg varnaðarorð. Honum er málið óneitanlega skylt frá dögum Þjóðarsáttarinnar frægu, þegar loksins varð komið böndum á víxlhækkanir verðlags og launa. Einar Oddur var þá formaður Vinnuveitendasambands Íslands og hefur jafnan verið nefndur aðalhöfundur og guðfaðir Þjóðarsáttarinnar. Í þessu viðtali er Einar Oddur einkum inntur eftir viðhorfum hans til stöðu og framtíðar Vestfjarða, byggðamála almennt, efnahagsmála og vaxtaþróunar hérlandis, starfa og starfshátta Alþingis, kjördæmaskipaninnar og Ferðamálaráðs, en þar tók hann við formennsku um áramótin undir nýjum lögum.

– Er það eðlileg og óhjákvæmileg þróun að stöðug fólksfækkun sé á Vestfjörðum? Er yfirleitt eitthvað til ráða í atvinnumálum í þessum landshluta?

Byggðirnar hérna á Vestfjörðum hafa sannarlega verið að veikjast og fólkinu að fækka. Þetta hefur verið þróunin. Sumt af þessu er kannski eðlilegt, annað ekki. Það þarf færri hendur til að vinna verk-in en áður.

Sem dæmi skulum við líta á það sem við köllum Innfjörðinn í Öndarfirði. Þegar ég var lítill strákur, þá voru þar þrettán býli. Núna er þar búskapur á einum bóndabæ, Hóli í Firði. Hins vegar er ég viss um, að landbúnaðarframleiðslan í Öndarfirði er núna miklu meiri en nokkurn tímann áður.

Í Öndarfirði öllum eru núna þrjú stórbýli, Kirkjuból í Dal, Vaðlar og Hóli í Firði,

– rætt við Einar Odd Kristjánsson, alþingismann á Flateyri

en hinum smærri hefur fækkað. Það er eðlilegt að slíkt haldi áfram. Jafnframt fækkar fólkinu sem starfar við landbúnaðinn. Tæknivæðingin gerir það óumflýjanlegt.

Skoðum líka þorpið hérna á Flateyri. Það er rétt að fólki hefur fækkað, en framleiðslan hefur aldrei verið meiri. Á síðasta ári var unnið hér úr yfir átta þúsund tonnum af fiski. Það þarf einfaldlega miklu færri hendur til að vinna þetta núna en áður. Um þessar mundir starfa í fiskvinnslu á Flateyri eitthvað um 60-70 manns. Fyrir nokkrum áratugum hefði þurft til þess um 150-200 manns.

Þorpin munu halda sínum hlut

Ef við lítum á Vestur-Ísafjarðarsýslu í heild, þá get ég ekki séð nein teikn um annað en að þorpin hér haldi velli. Í þessum byggðum er mjög mikið að gerast, mikil atvinna og mikil verðmætasköpun, og þau munu alveg halda sínum hlut. Ég kvíði því ekki á nokkurn hátt.

Flateyri hefur að vísu nokkra sérstöðu. Slysið skelfilega

fyrir tíu árum setur ennþá mark sitt á þorpið. Ég veit ekki hvenær þau sár verða að fullu gróin. Héðan fluttist mjög margt fólk í kjölfar slyssins. Sá brottflutningur var líka mikil blóðtaka fyrir Flateyri og Öndarfjörð. En lífið heldur áfram. Mannlífið finnur sér stöðugt nýja farveg. Núna unnið fólk hér líkt og áður, þó að þetta heimaþorp mitt verði auðvitað aldrei eins og áður var. Núna er hér ekki uppgjöf í nokkrum manni, svo ég viti.

Ég trúi því að sameining sveitarfélaganna hafi orðið okkur til góðs. Mér virðist líka að langflestir séu mjög sáttir við hana. En það voru samgöngubæturnar sem voru forsenda sameiningarinnar. Við hefðum aldrei getað þetta nema vegna jarðganganna. Við verðum alltaf að gæta þess, þegar rætt er um sameiningu sveitarfélaga, að fyrir því verða að vera samgöngulegar forsendur. Ég veit, að næsta áratuginn getum við gert og munum gera mjög mikið átak í því að klára vegagerð á Vestfjörðum og koma byggðunum á suðursvæði og norðursvæði Vestfjarða í vegasamband allt árið. Þetta verður mikil bylting

og það eru til miklir peningar í þetta.

Í sjávarútveginum höfum við verið að horfa upp á það, að bolfiskkvótar hér á Vestfjörðum hafa farið mjög minnkandi. Menn eru alveg hættnir að tala um einhverja drauma um stóraukinn fiskafla hér vestra. Hins vegar ættu Vestfirðir að geta haldið sínum hlut og jafnvel rúmlega það. Ég sé ekki betur en menn séu hér á ýmsum stöðum að auka heldur hlutdeild sína í fiskaflafla. En ég segi enn og aftur: Það hreinlega má ekki halla svona á framleiðslufyrirtækin í gengisþróuninni.

Í rækjunni er dapurlegt að virða fyrir sér stöðuna og horfurnar. Veði og vinnsla á rækju er atvinnugrein sem hafði mikla þýðingu fyrir Vestfirði en er nánast að verða úr sögunni. Þar er hins vegar ekki fyrst og fremst spurning um gengið. Þetta er miklu erfiðara mál.

Þannig er sumt í þessari þróun eðlilegt og við skulum einfaldlega fagna því. Við skulum fagna framþróun og tæknivæðingu enda er matvælaíðnaður okkar í samkeppni við slíkan iðnað í öðrum löndum. Til þess að geta verið í fremstu

röð verðum við að tileinka okkur nýjungarnar um leið og þær koma fram.

Nýjar forsendur

Aftur á móti höfum við verið að reyna að treysta þessum byggðir á nýjum forsendum. Fyrir skömmu vorum við að taka í notkun nýtt aðsetur fyrir Háskólasetrið á Ísafirði. Við trúum því og treystum, að með fleiri og betri menntastofnunum séum við að treysta byggðirnar.

Varðandi ferðaþjónustu er greinilegt að Vestfirðir hafa ekki fylgst með öðrum landshlutum. Hins vegar er alveg ljóst, að möguleikar Vestfjarða á þessu sviði eru gríðarmiklir. Að þessu leyti er þessi landshluti að miklu leyti ónúið land. Hann hefur mikla sérstöðu gagnvart öðrum hlutum landsins og ég er ekki í vafa um, að hér eru mikil tækifæri sem menn órá naumast fyrir í dag.

En ég hef áhyggjur af þeirri peningastefnu sem rekin er hér á landi og hefur verið lengi, þar sem eilíflega er verið að halda uppi hágengis- og hávaxtastefnu. Þessi stefna grefur undan framleiðslunni,

verðmætasköpuninni í landinu, en hefur í staðinn í för með sér aukinn innflutning og aukna neyslu og veldur þannig ójafnvægi milli framleiðslubyggðanna og þjónustubyggðanna. Landsbyggðin líður fyrir þetta.

Þetta er samt alveg óþarfi. Þetta er röng stefna og það er hægt að breyta um stefnu. Stjórnvöld verða að átta sig á því, að við getum ekki til langframa verið að miða neyslu okkar við erlendar lán-tökur. Það er bókstaflega fáránlegt. Við eigum að stefna að því að halda jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Þannig ná framleiðsluatvinnugreinar vopnum sínum. Þannig treystum við framleiðsluna. Ég hef miklar áhyggjur af því sem er að gerast. Þetta mikla peningamagn sem er í umferð ruglar menn í ríminu. Það hefur orðið mikið launaskrið í þjónustugreinunum en framleiðslugreinar geta ekki fylgt því eftir.

Tekjurnar á landsbyggðinni eru þess vegna hlutfallslega að dragast aftur úr. Þetta er óþolandi enda á það sér engar eðlilegar skýringar. Þetta er einfaldlega röng peningastefna. Ég vil trúa því og vænti þess, að Seðlabankinn muni beygja frá þessari vitlausu leið sinni og vona að það verði ekki of seint. Ég vona að það komi fram á næstu mánuðum og misserum að við náum aftur jafnvægi, þannig að þessu linni.

Ef snúið verður af braut hágengis- og hávaxtastefnu, ef viðskiptin við útlönd komast nokkurn veginn í jafnvægi og framleiðslan býr við eðlilegar aðstæður, ef við höldum áfram þeirri uppbyggingu á skólastarfi sem nú er hafin, ef við komum hér á þeim samgöngubótum á landi sem ég nefndi, og það munum við gera, þá eiga Vestfirðir sannarlega að eiga allmörg sóknarfæri á við aðra, þó að ekki sé horft til stóriðju. Það er fjölmargt sem gæti vaxið hér og dafnað.

Þróunin á Íslandi er hin sama og annars staðar í heiminum. Frumframleiðslugreinar þurfa stöðugt minni mannskap. Í staðinn er þjónustan að aukast, ekki síst opinber þjónusta. Kröfur fólksins um aukna opinbera þjónustu eru alltaf til staðar og þær eru eðlilegar. Opinber þjónusta á ekki síður heima hér úti á landi en í Reykjavík. Það er ekkert náttúrulögmál að öll opinber þjónusta sé þar.

Það hefur gengið verr en við ætluðum, að koma hugmyndum okkar um flutning opinberra starfa út á land í framkvæmd. Þó vona ég að það sé smátt og smátt að breytast, að augu manna séu að opnast fyrir því, að það gæti orðið til farsældar fyrir alla að dreifa hinni opinberu þjónustu um landsbyggðina. Ég sé ýmis merki þess að þá geti áður en langt um líður orðið í mun ríkari mæli en hingað til. Samskiptateknin opnar okkur líka veruleg tækifæri. Á næsta ári eiga allir landsmenn sem þess

óska að hafa aðgang að háhraðatengingu. Núna er hægt að vinna fjölmargt í fjarvinnslu sem var óhugsandi áður.

Samansafn af orðum

– Finnst þér ríkisvaldið standa við fyrirheitin sem alltaf er verið að gefa landsbyggðinni undir ýmsum nöfnum, svo sem landshlutakjarni, vaxtarsamningur og svo framvegis?

Við skulum nú vona að eitt-hvað gott geti komið út úr þessu! Hins vegar hefur mér fundist, eins og staðið hefur verið að byggðamálum á undanförnum árum, að þetta sé mestmegnis orð, mest einhverjar skýrslur, þar sem menn eru að velta þessum hlutum fyrir sér.

Þannig gat ég ekki greitt síðustu þingsályktunartillögu um byggðamál atkvæði mitt. Ég gat hreinlega hvergi fundið í henni neitt til að standa á og fór þess vegna gegn henni í þinginu. Mér fannst þetta bara samansafn af orðum og hvergi nokkurs staðar um neina heilsteypta stefnu að ræða.

Ég tel að þetta séu hlutir sem verði að ganga miklu markvissar fram en gert hefur verið á undanförnum árum. Þetta hefur allt verið í lausu lofti og ég er mjög óánægður með það.

Skattarnir og launin

– Þú hefur jafnan skýrar skoðanir á launamálum og skattamálum.

Ég hef oft verið gagnrýndur fyrir athugasemdir mínar um launamál, að vera að þessu sem sumir kalla tuð en ég kalla varnaðarorð. En ég held því áfram vegna þess að ég veit að það er rétt, vegna þess að ég veit að það er nauðsynlegt að hamra á þessu. Hvort það hefur nokkurn tilgang? Jú, ég vona það. Ég vil ekki gefast upp. Ég trúi því að við Íslendingar eigum miklu meiri möguleika en flestar aðrar þjóðir í heiminum, bara ef við förum skynsamlega. Ef við gerum það, þá trúi ég því að við getum búið hér í þessu landi við betri lífskjör en þekkjast annars staðar.

Undanfarið hefur verið mikil umræða um skattamál. Kannski er auðvelt að rugla fólk í ríminu í þessum efnum. Skattkerfi okkar er að verða tuttugu ára gamalt. Ég þekkti vel til þess þegar verið var að smíða það. Aðilar vinnumarkaðarins komu þar að, það voru launþegar, atvinnurekendur og stjórnmalamenn sem stöðu að þessu og náðu um það sátt. Þetta var mjög róttæk breyting á sínum tíma. Síðan hafa stöðugt verið gerðar breytingar á þessu kerfi og vel má vera að það sé orðið slitið fat þannig að kannski borgi sig að henda því og búa til nýtt.

Kannski má segja að Stefán Ólafsson prófessor eigi töluverðan þátt í því að menn hafa ruglast í ríminu varðandi það hvað hefur verið að hækka og hvað hefur verið að lækka. Ef við ætlum að bera saman hluti,



þá verða þeir að vera sambærilegir. Hver er afkoma fólks? Ef við ætlum að líta á launaþróunina hjá einstaklingum, þá leiðréttum útkomuna fyrir verðbólgu og drögum síðan skattana frá. Þá stendur eftir það sem menn hafa raunverulega handa á milli til að lifa á. Þetta er sú fjárhæð sem skiptir fólk máli og hún hefur hækkað verulega að raungildi síðasta áratuginn. Kjör allra launþega hafa batnað á þeim tíma. Þetta er kjarni málsins.

Hins vegar er það rétt, að heildartekjur hins opinbera, ríkisins og sveitarfélaganna, hafa aukist hlutfallslega meira. Við höfum verið með mjög mikinn viðskiptahalla, sem er mjög óeðlilegt, og ríkið hefur haft stórkostlegar tekjur vegna innflutningsins.

Það hefur verið gagnrýnt að skattleysismörkin skuli ekki fylgja neysluvísitölunni. Ég hef barist á móti því og hef rætt þetta í þinginu á hverju einasta ári í líklega sex-sjö ár, alltaf þegar við erum að afgreiða fjárlögin. Ég teldi það mjög rangt.

Best er að skýra þetta svona: Á undanförnum tíu árum hefur launavísitalan hækkað miklu meira en neysluvísitalan.

Þegar neysluvísitalan hækkar minna en kaupðið, þá eru kjör fólksins að batna. Ef neysluvísitalan hækkar meira en kaupðið, þá eru kjör fólksins að versna, kaupmátturinn að rýrna. Á þessu tímabili hafa skattleysismörkin fylgt neysluvísitölunni nokkurn veginn en ekki launavísitölunni. Ég tel það rétt. Það er auðvelt að skilja þetta ef við snúum þessu við: Hugsum okkur tímabil þar sem kaupmátturinn væri að rýrna, öfugt við það sem verið hefur. Hvað mundi gerast þá, ef skattleysismörkin fylgdu launavísitölunni? Þá væri ríkið að auka skatttekjur sínar hlutfallslega á sama tíma og kjör fólksins færu versnandi. Það væri afleitt.

Ég er því fylgjandi, að einmitt þegar vel gengur í samfélaginu taki ríkið til sín hluta af þeirri velgengni, eins og við höfum gert á undanförnum árum, og noti féð til þess að borga niður skuldir. Það höfum við gert og Ísland stendur núna mjög glæsilega á því sviði gagnvart öðrum þjóðum. Í Evrópu eru það kannski Sviss, Lúxembúrg og Noregur sem eru í því efni á svipuðu ról og Ísland. Þessi fjögur ríki bera af varðandi sterka

stöðu ríkissjóðs. Þessi staða gefur okkur mikla framtíðarmöguleika.

En þetta gæti snúist við. Komið gætu tímabil þegar kjör fólks færu versnandi, þegar efnahagslífið færi niður á við. Við þekkjum slík tímabil. Það er ekki lengra síðan en á árunum 1988-93. Þá varð kaupmáttarskerðing í landinu. Ég tel, að undir slíkum kringumstæðum eigi ríkið að vera reiðubúið að taka lán til þess að halda uppi þjónustu og til þess að örva atvinnulífið. Menn ættu ekki að vera hræddir við það. Síðan ætti að nota góðu tímabilin til þess að borga þau lán. Þannig getum við haft efni á því að jafna sveifluna. Þetta er einmitt hið stóra hlutverk ríkissjóðs: Að jafna sveiflurnar. Það hefur okkur tekist. Og fari svo að eitthvað syrti í álinn, þá er íslenska ríkið mjög vel í stakk búið til að takast á við vandan.

Ríkissjóður á ekki marga vini

– Segðu frá reynslu þinni af þingmennskunni. Er gaman að vera á þingi?

Það er nú upp og ofan. Hins

vegur eru það viss forréttindi að vera þingmaður. Þetta er mjög einstaklingsbundin vinna þar sem hver og einn finnur sér sinn farveg.

Eftir að ég kom fyrst á þing var ég fyrst og fremst að vinna í efnahagsmálunum. Þá vorum við að umbreyta allri viðskiptalöggjöfinni. Þeirra miklu umbyltinga sjáum við núna stað í þjóðfélaginu. Þetta land er á mjög hraðri leið til að hafa einhverja frjálslyndustu viðskiptalöggjöf í Evrópu. Ég held að það sýni sig á öllu, að rétt hafi verið að gera þessar breytingar.

Ég starfaði líka í sjávarútvegsmálunum en flutti mig síðan yfir í landbúnaðarmálin, sem ég hafði mjög mikið gagn og gaman af. Það er mjög nauðsynlegt að sinna vel íslenskum landbúnaði. Hann er órjúfanlegur hlekkur í því að landið sé í byggð. Menn tala oft um landbúnaðinn af mikilli vanþekkingu og vanmeta hann stórlega. Ég hef reynt að leggja mig allan fram til að opna augu manna fyrir því, hvaða lykilhlutverki hann gegnir varðandi það að byggja landið.

Aðalstarf mitt á þingi síðustu tvö kjörtímabilin hefur hins vegar verið í fjárlaganefndinni. Mörgum þykir ég vera mikill vinur ríkissjóðs. Og það er alveg rétt. Ríkissjóður á ekki marga vini. Grundvöllurinn er sá, að passa upp á ríkisfjármálin og halda fast utan um skattpeningana. Það er auðvelt að eyða og spæna öllu út í vitleysu. Þannig fer hjá mörgum ríkjum og þau eru að skaða sig til framtíðar. Ísland á bjarta framtíð, einmitt vegna þess að staða ríkissjóðs er mjög sterk. Við skuldam ákaflega lítið og framtíðarskuldbindingar okkar eru miklu minni en flestra annarra þjóða í Evrópu, þökk sé verkalýðshreyfingunni og atvinnulífínu fyrir að byggja upp hina frjálsu líffeyrissjóði. Það er ómetanlegt fyrir þetta land. Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir því, að víða í Evrópu, þar sem ekki eru til slíkir líffeyrissjóðir, er staða ríkisins þannig að stefnir í hreint gjaldþrot. Ef menn ætla að halda uppi velferðarkerfinu í löndum eins og Ítalíu, Frakklandi, Spáni og Þýskalandi með sama hætti og hingað til, þá verður að stórhækka skatta ef það á að vera hægt. Og menn sjá einfaldlega ekki fram á að það verði hægt. Við Íslendingar getum verið mjög ánægðir með okkar stöðu, sem er miklu betri og miklu sterkari en hjá flestum öðrum ríkjum í Evrópu.

Þetta eru hlutir sem mönnum hættir til að gleyma. Oft er sagt að það sé allt í lagi að láta ríkið borga. En ríkið er ekkert annað en skattþeningarnir sem fólk og fyrirtæki eru að reiða af hendi og því er eðlilegt að gerðar séu miklar kröfur um að vel sé með þá farið. Margt hefur verið vel gert á undanföllum árum, en það má gera ennþá betur. Það

Smáauglýsingar

Reglusöm, reyklus og barnlaus hjón á fertugsaldri óska eftir 3ja-4ra herb. Íbúð til leigu á eyrinni á Ísafirði í 2-3 ár. Uppl. í síma 456 3307.

Til sölu er 115,5m², 4ra herb. íbúð á 1. hæð t.v. að Fjarðarstræti 59. Íbúðin er laus frá og með 1. maí. Tilboð óskast. Uppl. í síma 456 4589 og 896 0522.

Til sölu eru 15" dekk á álfelgum. Stærð: 195/50/15. Verð kr. 35 þús. Uppl. í síma 845 7199.

Til sölu er 3ja herb. raðhús á einni hæð nálægt Torrevieja á Spáni. 10 mín. akstur frá strönd. Verð kr. 105 þús. evrur. Möguleiki á 100% láni. Upplýsingar í síma 00 34 620 136 687.

Til sölu eru Burton brettaskór nr. 46 1/2. Aðeins notaðir í eina klst. Uppl. gefur María í sínum 456 3486 og 846 7473.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 95. Sumar- og vetrardekk fylgja. Góður bill á góðu verði. Uppl. í síma 849 9451.

Til sölu er Nissan KingTab, 2,5 dísel árg. 96. Verð kr. 163 þús. Uppl. í síma 846 7479.

Til sölu er Rainbow ryksuga. Vel með farin. Selst ódýrt. Ymsir aukahlutir fylgja með Uppl. í síma 845 8191.

Til sölu eru vönduð og falleg fermingarföt. Keypt í fyrra í Retro. Notuð þrisvar. Passa á u.þ.b. 165 cm háan dreng. Uppl. í síma 847 1971 og 456 4370.

Stýrimaður

Stýrimann vantar á dagróðrabát sem gerður er út frá Suðureyri.

Uppl. í síma 894 4612 og 893 4916.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja: Guðsþjónusta verður haldin í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 5. mars kl. 11:00. Prestur er sr. Skúli S. Ólafsson. Allir velkomnir. Molasopi eftir messu. Kirkjuskóli verður á fimmtudag kl. 16:30. Holtskirkja: Söng- og bænaguðsþjónusta á miðvikudagskvöld kl. 20:30. Sérstakir gestir verða þau Þorsteinn Haukur og Lilja Kjartansdóttir í Súðavík. Prestur er sr. Valdimar Hreiðarsson.

er mín skoðun, að ríkið sé víða að eyða of miklum peningum og víða megi draga þar úr. En þá heyrir jafnan hljóð úr horni. Ekki eru allir sam-mála mér um þetta.

Störf þingmanna

– Stundum heyrir það að þingmenn fái óeðlilega löng frí. Oft eru fáir þingmenn við-staddir þingfundir. Hvað eru þeir að gera?

Þingmennskan er mikið einkaframtak, eins og ég vék að. Menn velja sér vettvang sjálfir. Hins vegar er töluverður munur á störfum þingmanna stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstaðan hefur ákveðið mikil-vægt hlutverk, sem ekki má vanmeta. Hún verður að vera til staðar, hún á að gagnrýna og halda stjórnvöldum við efnið. Það er lífsnauðsynlegt að því starfi sé vel sinnt.

Þingfundirnir eru fyrst og fremst vettvangur fyrir stjórnarandstöðuna. Þar getur hún komið fram með sín sjónarmið og sína gagnrýni. Ég held að það þekkist hvergi á þjóðþingum að menn sitji lon og don í þingsal að hlýða á ræður.

Við höfum aðstöðu til að fylgjast með þingfundunum, hvort sem við erum inni á skrifstofum okkar eða á göngunum eða hvar sem er. Menn sitja yfirleitt ekki í þingsalnum nema þeir ætli sér að taka þátt í umræðunum hverju sinni.

En varðandi störf þingmanna að öðru leyti, þá eru þau með ýmsum hætti. Það er erfitt að greina á milli þess hvenær menn eru að vinna í þágu þingmennskunnar og hvenær ekki, og þá jafnframt hvort menn eru í fríi eða ekki. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar, að þingið eigi að starfa eins lengi og þörf er á. Við tökum til meðferðar og afgreiðum þau mál sem fram koma. Eins og nú standa sakir sé ég ekki þörf á því að lengja þingtímann.

Það eru hins vegar mörg önnur störf viðkomandi þinginu en sjálfir þingfundirnir, svo sem nefndastörf. Sú vinna



Systkinin Jóhanna og Einar Oddur ræða málin að Sólbakka í Öfundarfirði.

sést ekkert í sjónvarpsútsendingum frá þinginu. Sum okkar erum líka í mjög víðfæðum kjördæmum og við þurfum að sinna þeim. Eins og ég sagði eru það forréttindi að vera þingmaður. Þú færð tækifæri til að kynnst afar mörgu fólki og mörgum aðstæðum sem verið er að glíma við. Það virðist stundum vera hálfgerð lenska að tala niður til þingmanna, þeir geri nú lítið og svo framvegis. En það held ég nú að sé bara í nösunum á fólki. Í mínu starfi sem þingmaður hef ég ekki mætt öðru en einstakri elsku og vinsemd. Ég held að almennt sé fólk ekki að hnýta í þingmenn í neinni alvöru.

– Eru þingfundirnir leikrit sviðsett fyrir almenning?

Nei, það held ég nú ekki. Kannski er samt ágætt að orða það þannig! Það sem tekur mestan tíma eru stjórnarfrumvörpin, sem ráðherrar eru að

koma í gegnum þingið. Það tekur líka mest af tíma nefndanna að fara í gegnum þau og fá álit um þau úti í þjóðfélaginu frá fagaðilum og hagsmunaaðilum. Hins vegar er það eðlilegt, að stjórnarandstaðan á hverjum tíma veki athygli á sínum sjónarmiðum og baráttumálum. Hún leggur fram frumvörp og fyrirspurnir til þess að beina kastljósinu að þeim áhugamálum sínum. Ég tel ekkert óeðlilegt við það. Það er í senn réttur og skylda stjórnarandstöðunar hverju sinni. Oft vita menn svarið en vilja varpa ljósi á málið. Frá því sjónarmiði eiga fyrirspurnirnar vissulega rétt á sér. Reyndar verð ég að viðurkenna að mér finnst að stundum fari fyrirspurnir út í hálfgerða vitleysu.. Stundum ofnota menn þetta og biðja um langar skýrslur um eitthvað sem ekki verður séð að komi að nokkru gagni.

Röng vaxtastefna Seðlabankans

– Á nýafstöðnu Viðskiptaþingi gerði Ágúst Guðmundsson í Bakkavör athugasemdir við stóriðjustefnuna hérlandis. Já, hann virðist gefa sér að það sé ófrávikjanlegt, að ef við höldum áfram að virkja, þá verði áfram sama vaxtastefna hjá Seðlabankanum. Það rétt hjá Ágústi að framleiðsluatvinnuvegirnir geta ekki lifað lengi við þetta hágengi. Ég geri hins vegar þá athugasemd, að það er alls ekki lífsnauðsynlegt að halda áfram þessum hávöxtum. Þeir stuðla eingöngu að því að peningar streyma hér inn í landið vegna vaxtamismunar.

Ef við lítum á viðskiptahallann á síðasta ári, þá er hann talinn um 140 milljarðar, en þar af innan við 40 milljarðar

vegna virkjanaframkvæmda. Allir geta séð, að þetta er fyrst og fremst einkaneysla sem þarna veldur. Ég tel að við eigum að falla frá þessari vaxtastefnu. Hún var röng hjá Seðlabankanum í upphafi og hefur alla tíð verið, eins og sést best ef við skoðum verðbólgu í Evrópu, eins og hún er mæld. Meðalverðbólgan hér síðustu árin er um 0,9% á ári. Að mínum dómi er barátta Seðlabankans við verðbólgu sama fyrirbrigðið og barátta Don Kíkóta við vindmyllurnar.

Forsætisráðherrann og Evrópubandalagið

– Við sama tækifæri spáði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra því, að innan tíu ára verði Ísland gengið í Evrópubandalagið.

Mér finnst það hrein fjarstæða. Það er engin þörf á því fyrir Ísland, enginn efnahagslegur ávinningur fyrir Íslendinga. Þvert á móti. Við erum ein ríkasta þjóð Evrópu. Núna hefur bandalagið verið stækk-að mjög mikið og margar mjög fátækar þjóðir komnar þar inn. Það er alveg víst, að ef Íslendingar ganga þar inn, þá munum við þurfa að greiða þangað gríðarlegar fjárhæðir, líklega um 12-15 milljarðar króna á ári umfram það sem við fengjum þaðan. Við erum lukkunnar pamfilar að hafa þá samninga sem við höfum í dag. Ég er viss um að hver einasta smáþjóð í heiminum myndi óska sér þess að hafa þá stöðu sem Ísland hefur. Við eigum að varðveita þá stöðu til þess að tryggja framtíð okkar. Mér er óskiljanlegt hvers vegna forsætisráðherrann lætur sér detta í hug að tala svona. Ég læt mér það alveg í léttu rúmi liggja þó að Samfylkingin, sem er í stjórnarandstöðu, sé eitthvað að kvaka um Evrópubandalagið, en mér finnst það ábyrgðarhluti þegar forsætisráðherrann í ríkisstjórn sem við styðjum og stöndum að er að gefa svona

STAKKUR SKRIFAR

Kaflaskipti í MÍ

Kaflaskipti urðu í því ferli deilumála, sem skekið hafa Menntaskólann á Ísafirði undanfarin ár á laugardaginn. Ólína Þorvarðardóttir skólameistari hefur ákveðið að leita ekki skipunar að nýju til næstu 5 ára. Hennar afskiptum af Mentaskólanum lýkur hinn 31. júlí á komandi sumri. Athyglisvert er að lesa yfirlýsingu hennar. Draga þá ályktun að hún telji sig eiga óvini innan skólans. Ef til vill er það rétt. Vert er að minnst þess að hún var eini umsækjandinn um stöðu skólameistara eftir að Ásgerður Bergsdóttir dró umsókn sína til baka að sögn undir þrýstingi meðal annars frá einstökum fulltrúum í skólanefnd.

Ljóst er að mikið hefur gengið á innan Menntaskólans á Ísafirði. Þrátt fyrir að nú sé svo komið að skólameistari gangi frá skólanum, er óvíst að vandræði séu að baki.

Erfitt er að rýna í atburði, en mörgu skýtur upp í hugann af þessu tilefni. Almennt virtist því fagnað afar vel af mörgum þegar Ólína var skipuð árið 2001 og tók til starfa 1. ágúst sama ár. Margir vildu ólmir fá Ólínu til Ísafjarðar enda þjóðþekkt kona sem búið hafði á Ísafirði hluta þess tíma er faðir hennar var sýslumaður Ísfirðinga í nærri áratug. Forveri hennar Björn Teitsson gegndi embættinu í 22 ár frá 1979 til 2001 og tókst á við ýmsan erfiðan vanda. Kennarar voru ekki allir verið sáttir við Björn. En hann stóð af

sér óveðrin og fór frá MÍ í friði og skildi eftir sig gott bú. Þrek og vilji til að vinna skólanum af alefli er þakkarvert.

Margir sjá tilurð og stofnun MÍ í hillingum og telja ekkert geta gengið nema að endurtaka Jón Baldvin Hannibalsson og Bryndísi Schram. Löngu er tímabært að átta sig á því að mikil og erfið vinna er að halda úti framhaldsskóla, ekki síst á Vestfjörðum enda ráðgjafar um skólalaldi fleiri en nemendur, kennarar og starfsfólk til samans, jafnvel margfalt fjölmennari. Líta verður fram á veginn og allir verða að vera samtaka.

Sá er skipar embætti skólameistara þarf að búa yfir mörgum góðum kostum, svo sem lipurð, sáttfýsi og lagni, en duga þó ekki ein saman frekar en menntun úr háskóla. Ef til vill er svo komið að hinar faglegu kröfur um kunnáttu í fræðigreinum, er kenndar eru í skólum duga engan veginn til að stýra þeim. Stjórnun er sérstök fræðigrein sem kennd er í háskólum. Hennar kann að vera meiri þörf en kunnáttu í landafræði, sögu og stærðfræði svo fátt eitt sé nefnt. Er til kastanna kemur skiptir færni í mannlegum samskiptum mestu.

Virðing fyrir sjálfum sér, samstarfsmönnum og nemendum er ómetanlegur kostur, enda skólinn til fyrir þá fyrst og fremst. Því má ekki gleyma í uppbyggingarstarfinu er nú biður.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sitt.

yfirlýsingar.

Fásinna að landið verði eitt kjördæmi

– Hvernig finnst þér reynslan af kjördæmabreytingunni? Í upphafi leist mér ekkert á þetta. Ég taldi þessi nýju kjördæmi allt of stór, það væri ekki hægt fyrir nokkurn þingmann að setja sig nægilega vel inn í og vera þátttakandi í því sem fram færi á svo gríðarlega stóru landsvæði. Ég greiddi atkvæði gegn þessum breytingum.

Hins vegar hef ég sjálfur ekki undan neinu að kvarta. Ég hef notið þess að kynnast nýjum héruðum og nýju fólki og hef haft af því ómælda ánægju. Þessi kjördæmaskipan hefur fest sig í sessi, að minnsta kosti um sinn. Hins vegar vara ég mjög við þeirri hugsun, sem víða gætir, að úr því sem komið er sé rétt að gera landið að einu kjördæmi. Þá fyrst held ég að við færum úr öskunni í eldinn og landsbyggðin yrði fótum troðin. Þá ættum við Vestfirðingar fljótlega engan þingmann. Sumir landsbyggðarþingmenn myndu ef til vill halda velli fyrst um sinn en að öðru leyti myndi fólk af landsbyggðinni eiga mjög erfitt með að komast á þing. Þær raddir sem mæltu fyrir hagsmunum hinna dreifðu byggða yrðu ákaflega veikar og mættu sín lítils.

Ferðapjónustan er veik atvinnugrein

– Þú fórst inn á nýjan vettvang þegar þú tókst við formennsku í Ferðamálaráði um áramótin.

Ég tók við þessu starfi fyrst og fremst að beiðni vinar míns Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra, sem fer með þessi mál. Á liðnu ári breyttum við lögnum um Ferðamálaráð og hlutverk þess er nú töluvert annað en áður var. Núna er hlutverk þess fyrst og fremst að vera ráðgefandi fyrir ráðherra ferðamála og ráðuneyti hans.

Ég er ekki enn búinn að móta mér skoðanir á þessu sviði að neinu ráði. En ég sé strax í hendi mér, að það ríkir að mörgu leyti frumbýlingsbúskapur í íslenskum ferðamálum, ólíkt þeirri atvinnugrein sem ég þekki best, sjávarútveginum. Mér finnst það blasa við, að þekkingin á mörkuðunum sé miklu betri hjá sjávarútveginum en í ferðamálunum. Þessi atvinnugrein hefur vaxið mjög hratt, hugsanlega of hratt, og þar er mikið um einkaframtak hjá einyrkjum. Ég er ekki í neinum vafa um það, að ferðapjónustan á mikla framtíð hérlandis ef rétt er á málum haldið. En ég hef áhyggjur af þessari grein eins og fleirum vegna gengismálanna. Þetta er veik atvinnugrein sem þarf að hlúa að og gæta einkum vel að rekstrarskilyrðunum og markaðsmálunum. Það eru stóru málin í þessum rekstri.



Menntaskólinn á Ísafirði.

Kennarar í MÍ skora á ráðherra að standa við sinn hluta samkomulags

Fjórtán starfsmenn Menntaskólans á Ísafirði skora á menntamálaráðherra um að vinnubrögð verði vandaðri þegar kemur að sáttaferli innan skólans og að ráðuneytið standi við sinn hluta samkomulags sem starfsmenn gerðu við ráðuneytið í janúar.

„Frétt svæðisútvarpsins í gær (21. febrúar) gefur alls ekki rétta mynd af ástandi sáttaferlisins í Menntaskólanum. Hið rétta í málinu er, að eftir að vinna við verkefnið hófst kvisaðist það út, að ekki hefðu allir sem væru að taka þátt í því undirritað samkomulagið. Við þessar fréttir kom upp mikið kurr meðal fjölda kennara sem þótti þeir hafðir að fíflum þrátt fyrir sáttfýsi sem þeir höfðu sýnt. Ljóst var að a.m.k. 4 kennarar höfðu

ekki skrifað undir á þeim tíma og framlag þeirra til friðarmála því nokkuð vafasamt“, segir í tilkynningu.

„Staðan er reyndar sú að starfsmenn hafa enn ekki fengið neina vissu um það hversu margir eiga eftir að skrifa undir. Vegna þeirrar óvissu sem þetta ástand skapadi hafa 14 núverandi starfsmenn skólans skrifað undir áskorun til menntamálaráðherra um að vinnubrögð verði vandaðri. Fleiri starfsmenn höfðu lýst áhyggjum sínum af þessu en ekki treyst sér til að undirrita áskorunina, enda atlgöur oft harðar í Menntaskólanum. Allir áskorendurnir höfðu í upphafi ferlisins undirritað samkomulag við ráðuneytið“, segir í tilkynningu vegna áskorunarinnar sem er

svohljóðandi:

„Um miðjan janúar síðastliðinn skrifuðum við undirrituð undir samkomulag við Menntamálaráðuneytið um þátttöku í skólaþróunarverkefni. Í „Verkátætlun vorannar 2006“, sem er fylgiskjal samkomulagsins, er skýrt tekið fram að ákvörðun ráðuneytisins, um að gera þetta samkomulag, sé byggð á úttektar-skýrslu Félagsvísindastofnunar frá í nóvember 2005. Samkvæmt þeirri skýrslu var skilyrði þess að hefja vinnu við sameinandi verkefni að „allir starfsmenn yrðu að samþykka með formlegum hætti að taka þátt í sáttaferlinu“. Þetta hefur því miður ekki gerst. Vinnan hófst áður en undirskriftaferlinu lauk á þann hátt að ljóst væri hverjir væru

skuldbundnir og hverjir ekki.

Í 1. grein samkomulagsins sjálfs er tekið fram að ráðuneytið hyggist styðja við þátttöku stjórnenda og starfsmanna MÍ meðan á verkefninu stendur. Við höfum ekki séð þess merki, heldur einmitt verið haldið í vafa um stöðu málsins og fullkomnum efa um gildi undirskrifta okkar og sáttfýsi. Þá er það svo að verkefnisstjórar hafa hafið störf við verkefnið og starfsmenn setið daglangt í tilgangi sáttaferlis. Starfsmenn hafa í raun verið blekkir til að taka þátt, þrátt fyrir að ekki sé búið að uppfylla ofangreind skilyrði ferlisins sem verkefnið er hluti af.

Við undirrituð, starfsmenn Menntaskólans á Ísafirði, sem höfum skrifað undir umrætt

samkomulag við menntamálaráðuneytið, höfum bundið miklar vonir við að nefnt verkefni skili þeim árangri að stilla til friðar í skólanum. Fari svo fram sem horfir, að ráðuneytið vinnur ekki eftir tillögunum sem fram koma í skýrslu Félagsvísindastofnunar, teljum við verkefninu stefnt í voða. Við förum því fram á að ráðuneytið sýni okkur með öyggjandi hætti að það muni standa við sinn hluta samningsins sem við undirgengumst.

Við óskum eftir að allir þeir sem hafa undirritað skuldbindandi þátttöku í sáttaferlinu fái stuðning ráðuneytisins til að vinna að verkefninu á þeim forsendum sem kynntar hafa verið.“

– thelma@bb.is

„Nemendurnir þurfa að taka afleiðingunum“

Foreldrar nemenda í Menntaskólanum á Ísafirði eru ekki sáttir við það að nemum sé ekki bættir upp tímar sem þeir missa af vegna sáttaferlis á milli stjórnenda og starfsmanna skólans. „Ég er mjög ósátt við þetta fyrirkomulag. Börnin eiga alltaf að spýta

í lófana eftir verkföll og vinna upp tapið sem verður vegna þeirra og nú eiga þau að gera það á ný vegna þess að fullorðið fólk getur ekki unnið samant“, segir móðir nemanda í skólanum sem var ein þeirra sem hafði samband við blaðið til að lýsa yfir

ónægju foreldra vegna þessa fyrirkomulags. Nemendur eru sendir heim þá daga sem skólaþróunarverkefni fer fram í skólanum sem miðar að því að bæta samskipta- og samstarfsfærni. Verkefnið hófst um miðjan janúar og áætlað er að það standi til

30. nóvember. „Sum börn finna ekkert fyrir þessu á meðan þetta kemur illa niður á öðrum nemendum. En málið er að nemendurnir þurfa að taka afleiðingunum og það hefur allveg gleymst í umræðunni að þetta snertir líka börnin sem eru í þessum skóla“,

segir móðirin. Móðirin hafði samband við Félag framhaldsskólakennara og fékk þau svör að málið væri í höndum skólayfirvalda. Samkvæmt óstaðfestum heimildum blaðsins er kostnaður vegna skólaþróunarverkefnisins 20 millj. króna. – thelma@bb.is

Sáttaferli innan Menntaskólans á Ísafirði

Frestað um hálfan mánuð

Skólaþróunarverkefni, sem er liður í sáttaferli innan Menntaskólans á Ísafirði, hefur verið frestað um tvær vikur eða til 6. mars nk. „Það var sameiginleg niðurstaða menntamálaráðuneytisins og verkefnisstjórnanna að ráðlegt væri að fá smá frest á verkefnið. Það hefur gengið ágætlega þau tvö skipti sem verkefnið hefur verið haldið og ég met það svo að

þetta hafi fallið í ágætan jarðveg“, segir Þórir Ólafsson, deildarstjóri skóladeildar hjá menntamálaráðuneytinu.

Verkefnið sem miðar að því að bæta samskipta- og samstarfsfærni hófst um miðjan janúar og áætlað er að það standi til 30. nóvember. Sálfræðingarnir Einar Gylfi Jónsson og Þórkatla Aðalsteinsdóttir hafa umsjón með verkefninu og munu reglulega

skila skýrslu um framvindu mála til ráðuneytisins. Að því er fram kemur í fréttum Svæðisútvarpsins er góður rómur gerður af vinnu sálfræðinganna innan skólans en urgur sé nú meðal þátttakenda vegna framkomu og áminningarbréfa skólameistara til fjögurra kennara sem ekki höfðu ritað undir samkomulag um þátttöku í verkefninu.

– thelma@bb.is



Menntaskólinn á Ísafirði.

Framsóknarflokkurinn í Ísafjarðarbæ

Guðni Geir leiðir listann

Framsóknarflokkurinn hefur stillt upp framboðslista fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Ísafjarðarbæ í vor. Guðni Geir Jóhannesson bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri á Ísafirði leiðir lista flokkinn. Í 2. sæti er Svanlaug Guðnadóttir, bæjarfulltrúi og hjúkrunarfræðingur á Ísafirði, þá kemur Albertína Elíasdóttir, forstöðumaður á Ísafirði og Björgmundur Örn Guðmundsson, forstjóri, Ísafirði. Gísli Jón Kristjánsson, skipstjóri á Ísafirði er í 5. sæti listans og Þórdís Jóna Jakobsdóttir, hárgreiðslumaður á Ísafirði í því sjötta. Listinn var samþykktur á félagsfundi flokksins á fimmtudagskvöld.

Sigurður Hreinsson skipar 7. sætið, þá kemur Ást-



Guðni Geir Jóhannesson.

hildur Gestsdóttir, þá Jón Sigmundsson, Kolbrún E. Schmidt, Birkir Einarsson, Hildigunnur Guðmundsdóttir, Steinþór Ólafsson, Sigríður Magnúsdóttir, Elías Oddsson, Gréta Gunnarsdóttir, Ásvaldur Guðmundsson og í 18. sætinu er Sigurður Sveinsson, bóndi á Ísafirði. — *thelma@bb.is*

Hlutfall karlkyns kennara hæst á Vestfjörðum

Tæp 27% grunnskólakennara á Vestfjörðum eru karlar og er það hæsta hlutfall á landinu, jafnhátt og á Norðurlandi eystra. Konur eru um 73% kennara. Heildarfjöldi kennara á Vestfjörðum er 173 að meðtöldum skólastjórum, aðstoðarskólastjórum og deildarstjórum. Af þeim eru 113 með kennsluréttindi eða 65,3% og er það tæp 6% fjölgun á milli ára. Heildarfjöldi grunnskólanema á Vestfjörðum er 1.190. Nemendum fækkar um 56 á milli ára. Flestir eru nemendur í 6. bekk, eða 136, en fæstir eru þeir í 1. bekk, eða 97 nemendur. Allir skólar á Vestfjörðum hafa verið einsetnir síðan 2002.

Ef lítið er yfir allt landið þá eru tæp 22% grunnskólakennara karlar en heildarfjöldi starfandi kennara er 4.525 en 4.841 að meðtöldum skólastjórum, aðstoðarskólastjórum



Grunnskólinn á Ísafirði.

um og deildarstjórum. Um 87% kennara eru með kennsluréttindi. Af 180 starfandi skólastjórum eru 92 karlar, eða 51,1%. Árið 1999 var hlutfallið 65,3% og því ljóst að konum hefur fjölgað nokkuð í hópi skólastjóra. Grunn-

skólanemendur á landinu eru alls 44.336 og að auki eru 125 börn í 5 ára bekk, og 9 nemendur í Kárahnjúkaskóla. Fjöldmennastur er 10. bekkur með 4.779 nemendur en 1. bekkur er fámennastur með 4.123 nemendur.

Grunnskólar landsins eru 177 og eru að meðaltali 250 nemendur í hverjum skóla. Fjöldmennasti skóli landsins er Árbæjarskóli í Reykjavík með 799 nemendur en sá fámennasti er Grunnskóli Mjóafjarðar með 3 nemendur. — *gudrun@bb.is*

Þjóðlegur matur á árs-hátíð strandamanna

Porrablót strandamanna eða (árs-hátíð strandamanna) eins og hún er nefnd í ár verður haldin í Félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöld. Að sögn Sophusar Magnússonar, eins af skipuleggjendum hátíðarinnar í ár, verður margt spennandi í boði að þessu sinni. „Hátíðin hefur venjulega verið á þorra en við ákváðum að breyta til í ár og hafa hana eftir öll þorrablótin. Fram til þessa hafa verið þorra-

bakkar en núna verður heilsárshlaðborð með öllu frá A til Ö. Það verða súrsaðir selhreifar og selhausar, selkjöt, selspik, siginn fiskur, svið og sviðalappir, hangikjöt, súrir pungar, kútmagi, kræklingur og margt fleira. Það verður eitthvað af öllu. Það verður ekkert mikið af öllu en við lögðum áherslu á að allir geti fengið eitthvað sem þeir vilja smakka. Í desert verður svo ábrystir og eftir það verður boðið upp á

kaffi og með því verður rúgbrauð með reyktum rauðmaga. Við reynum að gera sem mest sjálfir, viljum ekki hafa allt verksmiðjuframleitt. Allir sem koma að skemmtiatriðunum eru afkomendur Strandamanna og þeir munu koma fram sem föðurbetrungarnir,“ segir Sophus, sem var að sviða kindalappir þegar ljósmyndari blaðsins rakst á hann undir lok síðustu viku. — *gudrun@bb.is*



Selshausar verða einnig á boðstólum á þorrablót strandamanna.



Gerður Eðvarðsdóttir þjónustu- og viðskiptastjóri Íslandsbanka á Ísafirði og Arnar Friðrik Albertsson við afhendingu styrksins.

Fékk bílprófsstyrk frá Íslandsbanka

Arnar Friðrik Albertsson, nemandi við Menntaskólann á Ísafirði, fékk bílprófsstyrk frá Íslandsbanka sem afhentur var í útibúi bankans á Ísafirði á fimmtudag. Þeir sem eru í Námsvild Íslandsbanka og verða 17 ára á árinu lenda í potti sem dreginn er úr einn heppinn námsmaður í hverjum mánuði og fær sá heppni

50 þúsund króna bílprófsstyrk.

Í febrúar var dregið nafn Arnars Friðriks á Ísafirði. Námsvild Íslandsbanka er þjónusta við námsmenn 16 ára og eldri sem er sérsniðin að fjármálaþörfum námsmanna. Áhugasömum er bent á að nánari upplýsingar má finna á vef bankans. — *thelma@bb.is*

FERNANDO'S BÝÐUR NÚ UPPÁ HEIMILISLEGA RÉTTI Í HÁDEIGINU

GÓMSÆTU RÉTTIRNIR VERÐA Á BOÐSTÓLUM Á HÁDEGISVERÐAHLAÐBORÐUM VEITINGASTAÐARINS ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 12.00 – 13.30.

VERÐ FYRIR HLAÐBORÐ 990 KR.

PIZZUTILBOÐ

16" PIZZA MEÐ 3 ÁLEGGJUM Á 1.400 KR.

12" PIZZA MEÐ 3 ÁLEGGJUM Á 1.100 KR.

FERNANDO'S AUSTURVEGI 1 SÍMI: 456-5001





Yndisleg eynd hins ljúfa lífs

Sólríruleikrit leikfélags Menntaskólans á Ísafirði er í ár Hlúð ljúfa lífs eftir Benóný Ægisson, í leikstjórn Darrens Foremans. Darren þessi er með leikaramenntun frá New York og hefur starfað bæði sem leikari og leikstjóri á Íslandi og í Bandaríkjunum. Benóný Ægisson þarf vart að kynna fyrir lesendum en Hlúð ljúfa lífs er eitt hans þekktari verka og fjallar um líf nokkurra ógæfumanna sem halda til á barnum Nátturafninum eina kvöldstund. Smákríminn Skömbó, tálkvendið Harpa Dís, barþjónninn Geddi, bardaman Lolla, hin sisósáða Gógó, og allir hinir eiga það sameiginlegt að hafa misstíð sig í veröldinni og lent á einhverjum bölvuðum refilistigum; eiga það sameiginlegt að hafa misst alla stjórn á sjálfum sér og heiminum í kringum sig. Lífsbarátta þeirra snýst um það grundvallaratriði að reyna með öllum tiltækum ráðum að komast hjá því að drukkna í ólúgsjónum, hvort sem það er með því að fara enn einu sinni í meðferð eða með því að berja einhvern til óbóta og ræna hann. Þetta virðist mér merkilegt nokk eiga við allar persónur sýningarinnar, allt frá verstu skítseidunum að húsbændinu, leifunum af hinni frægu Brimbrot (Trúbrot+Brímkló) og lögreglumönnunum Garpi og Yrsu Björg, sem eru svo illa haldin af kvalalasta að þau eru líklega síðustu manneskjurnar á sviðinu sem manni dettur í hug að vorkenna. Og er þó engin skortur á vorkunnarefnum.

Í ofanálág við að fjalla um eymdarstígu lífsins bar-róna og Keisara, þá er Hlúð ljúfa lífs alveg hrikalega hress og skemmtileg sýning. Tilsvör persónanna eru snörp og skörp, þær bresta sífelld á með söng, drekka, skála, plotta – í þessu eymdarlífi er rútínar ólínuleg og þess eðlis að hún hlýtur stöðugt að koma bæði leikendum og áhorfendum á óvart. Sem er skemmtilegt.

Tónlistin í uppsetningu leikfélagsins er stórvél unnin,

en hún er að meginu til samin af þremur meðlimum húsbandsins, þeim Kristni Gauta Einarssyni, Halldóri Smáarsyni og Valdimari Olgeirssyni. Músikin grúvar yfirleitt sérlega vel, en tekst sömuleiðis að flytja einhvern prófessjónal lummufiling með sér sem á auðvitað sérlega vel við hljómsveit sem skipuð er föllnum stjórnunum. Hljóðið er hins vegar alls ekki alltaf nógu gott. Í sjálfu sér hljómar hljómsveitin vel, þó hún sé stundum fullhátt stillt fyrir leikhús, en það vill brenna við að sönglínur leikaranna drukknar í hávaðanum, sem er auðvitað hrikalegt í leikhúsi þó það skipti litlu á balli. Þá verður erfitt að greina orðaskil þeirra söngvara sem leggja míkrafóninn alveg upp að vörum, og hefði að meina lausu mátt leggja meira upp úr því að kenna leikurunum jafn einfaldan hlut og beitingu slíks tóls. Þá var líka einhver óregla á því að míkrafónar væru jafn hátt stilltir og gerðist það nokkrum sinnum að tveir voru að syngja gegnt hvor öðrum og lítið heyrist í öðrum en of mikið í hinum.

Leikarar stóðu sig allir með þryði, hver einn og einasti, og það verður nú eiginlega bara að segjast að það hefur undirritaður ekki upplifað áður og er löngu farinn að gera ráð fyrir því að í skólasýningum séu að minnsta kosti einn eða tveir í litlum hlutverkum vandræðalega mikið úti á þekju. En það var sem sé ekki í þetta skiptið. Að öðrum ólöstuðum tel ég þó að Edda Katrín Einarisdóttir eigi glæsilegustu augnablikin í hlutverki sjússkellingarinnar Gógóar, og fer stórskemmtilega með sprenglæglegt hlutverk.

Á hinum enda tilfinninga-litrófsins var Hildur Dagbjörg Arnardóttir í hlutverki Lollu hrollvekjandi á hrikalegustu augnablikum sýningarinnar, og fór einstaklega vel með viðkvæmt hlutverk. Brynjólfur Óli Árnason var óþvingaður og virtist eiga auðvelt með hlutverk Skömbó, og sama gildi um Öddu Bjarnadóttir í

**Sólríruleikrit
Menntaskólans á
Ísafirði „Hlúð ljúfa
lífs“ eftir Benóný
Ægisson í leikstjórn
Darren Foreman.
Texti:
Eiríkur Örn
Norðdahl.
Mynd: Birgir Þór
Halldórsson.**

hlutverki Hörpu Dísar. Oddur Eliasson var öruggur og yfirvegaður í hlutverki barþjónsins Gedda, eins og hann hefur reyndar verið í þeim sýningum sem þessi rýnir hefur séð hann í, og átti stórleik í titillaginu sem var endurtekið í lok sýningar. Páll Janus var góður sem hinn sakleysilegi Jökull, en ég var ekki alveg að kaupa rappatriðið, enda var það algerlega út úr karakter fyrir Jökul að breytast allt í einu í agressífan hip-hopara. Köntríparið Eyvindur og Halla, sem Valdís María Einarisdóttir og Jóhann Frímann Rúnarsson léku, voru stórskemmtileg. Hlutverk þeirra eru stórkostlega sannfærandi, hann sem hinn ólukkulegi íslenski sjómaður sem veður í peningum en getur einskis notið vegna þess að hann er annað hvort úti á sjó eða dauðadrukinn og hún sem sjómansfrúin sem er eilíflega ófullnægð, einmana og – já að sjálfsögðu – alltaf drukkin. Þá var María Dögg Þrastardóttir góð sem vonlausu bissetskonan Ólöf, eigandi Nátturafnins, sem var ekki síður traufaveikluð draumóramanneskja en gestirnir. Aðrir leikarar sýningarinnar stóðu sig líka, eins og áður segir, mjög vel. Karakterar sýningarinnar eru meira og minna allir staðaltýpur, og eru sem slíkar sérlega vel heppnaðir. Maður hefur það óneitanlega á tilfinningunni að maður hafi séð þetta fólk allt saman áður, hitt

það í eigin persónu og heyr af því sögur, lesið játninga-bækur þeirra og lent í þeim á síðkvöldum.

Einn galli á sýningunni er ófyrirstíganlegur, og því fátt við honum að segja, en krakkar á menntaskólaaldri eru yfirleitt eins og gangandi auglýsingaskilti fyrir líkamlegt hreysti, fegurð og heilbrigði og það er engan veginn hægt að umbreyta þeim í teknar og brenndar fyllibyttur.

Leikmyndin var falleg og vel unnin. Leikið var á tveimur sviðum, annað var eldhús Nátturafnins hitt veitinga-salurinn. Á stundum voru skiptin á milli sviða dálítið hröð, og þá vildi einnig brenna við að áhugaverðir hlutir væru að gerast á báðum sviðum í einu, en það var ómögulegt að geta fylgst með öllu sem var að gerast. Þá voru búningarnir skemmtilegir, sér í lagi var köntríparið flott og löggjarnar Garpur og Yrsa Björg, sem voru aulalegar með derhúfur.

Á síðustu Sólríshátíð setti leikfélagið upp leikritið Þar sem djöflaeyjan rís, og er það út af fyrir sig áhugavert að annað árið í röð skuli leikfélagið setja upp leikrit sem fjallar um hversu ömurlegt sé að búa í Reykjavík. Einn af fáum karakterum sýningarinnar sem hægt er að kunna vel við, þrátt fyrir að vera átta-vílltur og aulalegur, er Jökull sem er einmitt kynntur til sögunnar sem piltur utan af landi. Gott ef ekki að vestan.

Það er í sjálfu sér vert rannsóknaefni hvað það er sem gerir eymdirna og aumingjarómantikina svona sjarmerandi. Lúserar eru uppistaðan í merkustu bókmenntaverkum heimsins. Kannski léttir það á maðni að fylgjast með ógæfugum slíkum sem kveikja með manni þá tilfinningu að maður sé nú bara þrátt fyrir allt að standa sig ágætlega í lífinu. Og kannski finnst okkur bara gaman að hlæja að óföllum annarra, engjast um af Þórðargleði. Þetta er í öllu falli stórskemmtilegt, hvað sem veldur. – eirikur@bb.is



TRYGGVI GUDMUNDSSON HDL löggiltur fasteignasali

Matharstræti 1 • Ísafirði • Sími 456 3244
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fg.is
Netmaíðar: www.fg.is • www.fir.is



Falleg 93 m² þriggja herbergja íbúð á 4. hæð í fjölbýlishúsi. Fyrirhugað með skáp og parket á gólf. Hvít innviðing í eldhúsi, flísar á gólf. Fallegi dökkur parket á stofu og borðstofu. Tvö svefnerberg og stóla stofa. Eignin er vel staðsett í miðju íbúðarstílnum.

9.950.000,-



28 m² þriggja herbergja íbúð á góðum stað miðlungi miðju íbúðarstílnum. Tvö svefnerberg, eldhús og bað úppent að miklu leyti. Geymsla í samvegi er 12 m².

4.700.000,-



126 m² stórt fjölbýlishús í tveimur hæðum ásamt eignarhúsi. Tveir útvæggir steyptir og víðlygging ír steypt, að öðru leyti er húsð forskalað. Fjögur svefnerberg og rímgóð stofa. Eignin er vel staðsett í miðju íbúðarstílnum. Væð 9,9 m².

9.900.000,-



103 m² fallegt fjölbýlishús á tveimur hæðum með innviðgöfvi tréðallari hlýgrymslu. Fjögur svefnerberg, stofa og borðstofa, samkvæmt á milli hæð.

23.000.000,-



Hafnarvegur 117-123 eru minni stórt fjölbýlishús 123 m² mjög stórt fjölbýlishús með 38 m² bíðstæði. Að. húsinn er búið til aðfengingar við kaup-samning. ATH. LEIGIÐ VERÐ.

11.900.000,-



Mjög rímgóð þriggja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. Íbúðin er 98 m² en geymsla er um 52 m². Tvö svefnerberg og rímgóð stofa, svala sem er að hvernig, mjög gott útlagi yfir djúpið af stofu.

6.400.000,-

Ný fasteignasala á Vestfirðum byggð á framtíðar grunn, meira en 30 ára reynsla af fasteignavæðingum á Vestfirðum. Athugið að hér eru skráar er www.fir.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar og fösturmóður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langlangömmu

Ingunnar Elínar Angantýsdóttur Þingeyri

Nanna Magnúsdóttir Jónas Ólafsson
Halldóra Magnúsdóttir Kristján Haraldsson
Anton Haukur Gunnarsson Hulda Sassoon
ömmubörn, langömmubörn og langlangömmubarn

Íbúð til sölu!

Til sölu er 115,5m², fjögurra herb. íbúð að Fjarðarstræti 59, 1.hæð t.v. Íbúðin er laus frá og með 1. maí. Tilboð óskast.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 456 4589 og 896 0522 eftir kl. 20:00.

Ferðapjónar í ferðalögum

Kristín Karlsdóttir

Ferð til Jómfrúareyja minnistæðust

– Hvað á að gera í sumarfríinu í ár?

„Við hjónin ætlum að fara í tvær utanlandsferðir. Við ætlum að byrja á því að fara í sumarhús rétt fyrir sunnan Alicante og vera þar í tvær vikur. Síðan ætlum að fara til Flórída í haust með vina-hjónum. Það verður örugglega voða gaman.“

– Hversu langt sumarfrí tekur þú þér?

„Fullt sumarfrí, eins langt og ég fæ.“

– Hvernig er drauma-sumarfríð?

„Mig langar að fara til Balí sem er eyja fyrir utan Indónesíu. Það er drauma-staðurinn og ég á eftir að fara þangað.“

– Hvað gerðir þú í sumarfríinu í fyrra?

„Í fyrra var mjög mikið að gera. Ég fór í fjórar utan-landsferðir. Við fórum í



sumarhúsið okkar sem er fyrir sunnan Alicante. Svo fórum við í þrjár borgarferðir. Við fórum til London, Kaupmannahafnar og Amsterdam. Rosa gaman og það er orðið svo ódýrt að ferðast.“

– Hvernig er minnistæð-

asta sumarfríð?

„Ferð sem ég fór til Jómfrúareyja í Karabíska hafinu einu sinni er minnistæðust. Eyjan sem ég dvaldi á heitir St. Thomas. Það var mikil upplifun og gaman að koma á framandi slóðir. Einnig var mjög skemmtilegt að sjá að þetta er gömul dönsk nýlenda og ennþá heita göturnar dönskum nöfnum þó eyjan tilheyri Bandaríkjunum í dag. Svo er alveg ofboðslega fallett þarna. Gullfiskarnir syntu í kringum mann þegar maður var úti í sjó að synda um rifin. Ég fór í þessa ferð fyrir hátt í 20 árum.“

Fullt nafn: Kristín Karlsdóttir.

Hjúskaparstaða: Gift.

Börn: Tvö.

Starf: ferðafræðingur á ISO-ferðum.

Draumastarf: Veit ekki.

Stjörnumerki: Naut.

Safari í Afríku eða rómantísk helgi í París: Safari í Afríku ekki spurning. Getur alls staðar átt rómantískar helgar.

Fallegasti staðurinn á Íslandi: Hornstrandir.

Te eða kaffi: Kaffi.

Með hækkandi sól fara margir að huga að sumarfríinu. En hvað með fólkið sem starfar í ferðabransanum? Bæjarins besta spurði nokkra sem starfa í þessum geira hvernig þeir eyða sumarfríum sínum.

Dorothee Lubecki

Ómissandi að fara á Hornstrandir

– Hvað á að gera í sumarfríinu í ár?

„Það er góð spurning. Ætli ég fari ekki suður í sveitina okkar í sauðburð. Svo er líka á döfinni að fara á heimaslóðir til Þýskalands. Svo er alveg ómissandi að fara á Hornstrandir.“

– Hversu langt sumarfrí tekur þú þér?

„Tvisvar sinnum 2-3 vikur.“

– Hvernig er drauma-sumarfríð?

„Ég er búin að ferðast um allan heim en ætli það væri ekki frá miðjum júní og fram í ágúst, ég myndi vera í garðinum og í hestaferðum. Svo tæki ég 3-4 vikur í að fara norður til Lapplands og vera með Sömunum, eða til Mongólíu að skoða villihesta. Ég myndi gera eitthvað framandi.“

– Hvað gerðir þú í fyrra?

„Ég gerði ekkert sérstakt. Ég var svolítið á bóndabænum okkar sem við rekum. Til að sleppa við rigninguna hér skrápp ég til Þýskalands með litlu dóttur mína og var



í rigningunni þar.“

– Hvernig er minnistæðasta sumarfríð?

„Ég fer nú sjaldnast í ferðalög á sumrin, en minnistæðasta ferðalagið mitt var langt ferðalag í Himalaja. Það var ég á landamærum Nepal og Tibet og þvældist þar um í nokkrar vikur. Ég var þar í 5.500 metra hæð og menningin þar er mjög framandi og öðruvísi en okkar. Einnig þegar ég fór í heimsókn í lítið þorp í Pakistan þar sem vinafólk er með þróunarverkefni.“

Fullt nafn: Dorothee Lubecki.

Hjúskaparstaða: Er í sambúð með Kjartani Ágústssyni.

Börn: Sunna Marianna, er á 2. ári.

Starf: Ferðamálafulltrúi Vestfjarða hjá Atvest.

Draumastarf: Ég er býns ánægð þar sem ég er, en draumastarf er alltaf skapandi starf þar sem ég hef samskipti við fólk.

Stjörnumerki: Krabbi.

Safari í Afríku eða rómantísk helgi í París: Tvímælalaust safari.

Fallegasti staðurinn á Íslandi: Árneshreppurinn og Hornstrandir.

Te eða kaffi: Fer eftir atvikum, ég er í báðu.

Rúnar Óli Karlsson

Skíðaferð til A-Graenlands

– Hvað á að gera í sumarfríinu í ár?

„Ég ætla að fara til Króatíu í maí með fjölskyldunni. Við ætlum að fara til lítils bæjar sem heitir Porec og bara njóta lífsins. Það er mikið af afþreyingarmögu-leikum í boði þarna, mikið af spennandi hlutum. T.d köfun, hægt að leigja seglabát, fara í fjallgöngur, hjólríðatúr og svo getur maður lagst á sólaströnd þegar maður nennir því ekki lengur.“

– Hversu langt sumarfrí tekur þú þér?

„Tvær vikur.“



– Hvernig er drauma-sumarfríð?

„Skíðaferð til Liverpool-land á austur Grænlandi. Það er draumurinn. Ég ætla að láta verða af því og það verður ekkert langt í það. Þar eru endalausar skíðabrekur, himinhá fjöll, engar lyftur og ekkert vesen. Sú ferð væri til að svara útivistarþörfinni. Annars á ég annan draum og það er að ferðast um Indónesíu.“

– Hvað gerðir þú í sumarfríinu í fyrra?

„Ég fór til Frakklands. Þar var ég að klifra upp kletta. Svo fór ég einnig til Noregs. Svo var ég bara að njóta lífsins.“

– Hvernig er minnistæðasta sumarfríð?

„Ætli það sé ekki Perú. Ég fór í sex vikna fjallaferð til Perú árið 2000. Það sem var minnistætt við þessa ferð var kúltúrin, landið og fjöllin og líka það að komast burt frá „siðmenningunni“.“

Fullt nafn: Rúnar Óli Karlsson.

Hjúskaparstaða: Giftur

Börn: Þrjú.

Starf: Atvinnu- og ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Draumastarf: Að reka lítið og arðsamt ferðapjónustufyrirtæki.

Stjörnumerki: Hrítur.

Safari í Afríku eða rómantísk helgi í París: Safari, ekki spurning.

Fallegasti staðurinn á Íslandi: Rauðisandur á góðum degi.

Guðmundur Eypórsson

Tók sumarfríð milli jóla og nýárs

– Hvað á að gera í sumarfríinu í ár?

„Ég tek mjög stutt sumarfrí en það gerist í maí ef tími finnst í það þá. Ég hef ekkert ákveðið ennþá, hvort ég fari út eða verði innanlands.“

– Hversu langt sumarfrí tekur þú þér?

„Það er um það bil vika.“

– Hvernig er drauma-sumarfríð?

„Mitt næsta draumafrí er tvær vikur í Mexíkó hjá vinafólki sem munu „gæða“ mig um vel valda staði í Mexíkó. Það verður að veruleika einhvern tímann.“

– Hvað gerðir þú í fyrra?

„Ég tók mér ekkert sumarfrí í fyrra. Það má segja að ég hafi farið í mitt sumarfrí milli jóla og nýárs. Þá flaug ég til Genf í Sviss og keyrði til Riva del Garda á Norður-Ítalíu og var þar í eina viku í hópi góðra vina.“

– Hvernig er minnistæðasta sumarfríð?

„Evrópuferðin 2003 sem varaði í rúmar fimm vikur.



Þá fór ég á flakk með mexíkósku vinahjónum mínum. Ég fór frá Danmörku niður til Þýskalands, Hollands og Belgíu. Flaug svo til Grikklands og fór til Krítar og Apenu. Flaug svo aftur til Þýskalands og ferðaðist þaðan til Frakklands, Spánar, Ítalíu og svo til Svíþjóðar og flaug heim frá Danmörku. Allan tímann gisti ég hjá vinafólki og fékk persónulega leiðsögn. Þetta var eftir að ég kláraði masternámið mitt og það kom upp eitthvað tímabært kæruleysi.“

Fullt nafn: Guðmundur Björn Eypórsson.

Hjúskaparstaða: Einhleypur.

Börn: Engin börn.

Starf: Framkvæmdastjóri Vesturferða.

Draumastarf: Ég er mjög sáttur þar sem ég er núna.

Stjörnumerki: Ljón.

Safari í Afríku eða rómantísk helgi í París: Safari.

Fallegasti staðurinn á Íslandi? Það er svo afstaett hvað er fallett, en besta upplifun mín var þegar ég var á Hornbjargi síðasta sumar.

Te eða kaffi: Kaffi! Gott og sterkt kaffi!

Tilboð í viku 9 gilda til sunnudags
9. mars eða á næstan langstíra endurt

Reykstur lax í heilum
fiskum og í bitum



Petta allt í Bónus!




Kíktu á verðið **918**
- þú hefur sig!



Allar EUROSHOPPER
raffilldúar - eitt verð!



20%
afsláttur



Bónus býður betur!

Kíktu á verðið - það MARG bregur sig!



HVERSDAGSVERÐ
Á EUROSHOPPER VÖRUM



www.bonus.is

mannlíf

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
1. mars, 60. dagur ársins 2006

Pennan dag árið 1964 lést Davíð Stefánsson, skáld frá Fagraskógi, 69 ára. Hann var eitt ástsælasta skáld þjóðarinnar. Fyrsta ljóðabók hans kom út 1919.

Pennan dag árið 1988 var gert skylt að aka með ljós-um allan sólarhringinn, samkvæmt nýjum umferðarlögum. Einnig var heimilað að sekta fyrir vanrækslu á notkun bílbelta.

Pennan dag árið 1989 var framleiðsla og sala á áfengu öli leyfð eftir 74 ára hlé. Bjórfrumvarpið var samþykkt á Alþingi 10. maí 1988.

Pennan dag árið 1991 voru göngin í gegnum Ólafs-fjarðarmúla formlega opnuð fyrir umferð.

Heimild: Dagur Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 40 árum



Góður fundur á Ísafirði

Síðastliðið laugardagskvöld var haldinn almennur félagsfundur í Norræna félaginu á Ísafirði. Var hann haldinn að Mánakaffi. Formaður félagsins, Aðalbjörn Tryggvason, kennari setti fundinn og stjórnaði honum. Sigurður Bjarnason, ritstjóri, formaður Norræna félagsins á Íslandi, flutti síðan ræðu um þróun og árangur norrænnar samvinnu. Var máli hans ágætlega tekið. Þá voru sýndar skuggamyndir, aðallega frá Vestfjörðum. Loks fóru fram almennar umræður um félagsmál. Til máls tóku Aðalbjörn Tryggvason, Jónas Tómasson, tónskáld, Jón Jóhannsson skattstjóri og Sigurður Bjarnason, sem þakkaði Norræna félaginu á Ísafirði fyrir þennan ágæta fund sem sýndi mikinn áhuga félagsmanna. Fundinum lauk með almennum söng undir stjórn Samúels Jónssonar, forstjóra.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðlæg átt og éljagangur, en léttskýjað suðvestantil. Frost 0 til 10 stig, mildast syðst.

Horfur á laugardag:

Norðlæg átt og éljagangur, en léttskýjað suðvestantil. Frost 0 til 10 stig, mildast syðst.

Horfur á sunnudag:

Norðlæg átt og éljagangur, en léttskýjað suðvestantil. Frost 0 til 10 stig, mildast syðst.

Horfur á mánudag:

Norðlæg átt og éljagangur, en léttskýjað suðvestantil.

● Spurning vikunnar

Hefur umfjöllun um fuglaflensu áhrif á ferðalög þín erlendis?

Alls svöruðu 542. – Já sögðu 144 eða 27%
– Nei sögðu 398 eða 73%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttu? • Guðmundur Hjaltason vert á Langa Manga

Þjóðlegar súpur og hávaðamæling

„Það er allt ágætt að fréttu af Langa Manga. Við erum búin að taka upp nýtt þema svo að alla föstudaga erum við með súpur frá hinum ýmsu þjóðlöndum. Við byrjuðum með það 17. febrúar og þá var íslensk kjötsúpa í boði og á föstudag var austurlensk súpa. Við þjóðum upp á súpu í hverju hádegi en með þetta þema á föstudögum. Fólki hefur tekið mjög vel í þetta. Það er nú ekkert ákveðið framundan en það er alltaf einhver trúbador að spila á laugardögum. Föstudagarnir hafa stundum dottið upp fyrir og fer það eftir því hversu mikið líf er í bænum hvort spilað sé þá. Það var nú mikið að gera á laugardeginum en það var ekki mikið um að vera á föstudag. Það var einmitt verið að hávaðamæla hjá okkur um helgina. Ég veit enn ekki hvernig það fór en ég verð látinn vita og bent á úrbætur og svoleiðis. Það mældist allavega ekki mikill hávaði á föstudaginn.“



Komnir í gírinn. Halldór Eraclides, Jón Hálfán Jónasson, Ásgeir Sæmundsson og Hermann Hermannsson fyrir utan Anfield áður en leikurinn hófst.

„Sætur sigur hjá Liverpool“

Nokkrir Ísfirðingar lögðu leið sína til Liverpool í Englandi á dögunum, heimaborg þess fótiboltaliðs sem þeir halda upp á til að sjá knattspyrnu-kappana etja kappi við erki-fjendur sína í Manchester United. Leikurinn fór 1-0 fyrir Liverpool og varð sigur þeirra til þess að Manchester féll úr bikarkeppninni.

„Það var rífandi stemning. Við höfum farið þrisvar sinnum en aldrei upplifað svona svakalega mikla stemningu. Enda voru þeir að takast á við erkifjendurnar.“

Anfield tekur 45.000 manns og það var alveg stappað. Það skyggði aðeins á leikinn að Alan Smith hjá Manchester fótibrotnaði mjög illa en þó var gaman að sjá að þegar hann var borinn út af vellinum stóðu allir upp, bæði aðdáendur Manchester og Liverpool, og klöppuðu. En það skyggði svo sem ekkert á



Anna Ragnheiður Grétarsdóttir og Jón Hálfán Jónasson fyrir framan stytta af Ben Sims sem var einn af máttarstólpum Liverpool-liðsins.

úrslitin, leikurinn var æðislegur“, segir Jón Hálfán Jón-

asson einn ferðalanganna.

„Allir voru syngjandi og öskrandi. Aðdáendur beggia liða sungu á móti hvor öðrum en þegar Manchester-menn voru að syngja voru þeir kaffærðir í söng frá Liverpool aðdáendum.“

Svo var fánadagur og allir með fána og meðal annars einn risastóran sem færðist um alla stúkuna og báru áhorfendurnir hann áfram“, segir Anna Ragnheiður sem var líka með í ferðinni.

„Tveir sem voru í ferðinni, þeir Hermann og Ásgeir, voru að fara í fyrsta sinn og þetta var svakaleg upplifun fyrir þá. Og heppilegt að lenda á svona rosalegum leik. Það er skond-ið að segja frá því að við þurftum að lenda fyrst í Manchester. Ég spáði því að það yrði rigning í Manchester en sól í Liverpool. Það stóð nú alveg eftir, það var rigning og hagél í Manchester og glaða sólskin

í Liverpool.

Við fórum út á föstudags-morgni þann 17. febrúar og leikurinn var á hádegi daginn eftir. Ferðasagan var í sjálfu sér mjög típísk, aðalmálið var að komast yfir Steingríms-fjarðarheiðina af því það var svo vont veður. Við rétt sluppum yfir. En þetta var algjör draumaferð eftir það.

„Það gerði sigurinn enn sætari að þetta var leikur í enska bikarnum og það lið sem tapaði datt úr keppninni. Það er alveg ólýsanlegt að fara á svona leik og ég hvet alla fót-boltaaðdáendur til að láta verða af því að fara út og sjá liðið sitt spila. Fólki hefur meira að segja orðið fótibolta-aðdáendur af því að fara á leik. Einhverjir sem hafa bara fylgt öðrum eftir, eins og mak-ar, en sogast alveg inn í stemninguna og verða gall-hardir fótiboltaáhugamenn eftir það“, segir Jón Hálfán.



Liverpoolmenn að hita upp.



Risastór fáni var borinn áfram um stúkuna af áhorfendum.

Nýkomin frá uppáhaldsborginni



„Uppáhaldsborgin mín þessa stundina er New York því ég er nýkomin þaðan og er ennþá með fiðringinn. Borgin hefur upp á svo margt að bjóða, það er í mesta lagi hálf tími í hvað sem er. Allt iðandi af lífi og fjöri en líka rólegheit ef því er að skipta. Hægt er að velja sér hverfi eftir dagsformi og svo vippar maður sér bara í Central Park ef borgarlífið verður yfirpyrmandi. Ég spókaði mig þar eftir mestu snjókomu síðustu alda á svæðinu og leið eins og ég væri inni í flottu póstkorti. Þessi stóri og fjölbreytti garður er fullkominn griðarstaður í miðri hringiðunni.“



Þjóðarblóm Íslendinga!

Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, lagði fram á Alþingi þingsályktunartillögu um þjóðarblóm Íslendinga. Lagði Guðni til að þjóðarblómið skyldi verða Holtasóley. Mér hefur oft fundist sérstakt þegar verið er að búa til þjóðar- þetta eða þjóðar- hitt. Hver er tilgangurinn með svona endemis bulli? Verið er að eyða starfskröftum ráðuneyta og Alþingis og þar með skattfé almennings í að búa til með þjóðinni eitthvað sem við væntanlega eigum að fyllast stolti yfir og í þessu tilfelli þegar við keyrum um sveitir landsins og berum þetta blóm augum. Hvernig færum við Íslendingar að ef við hefðum hvorki þjóðarblóm né Guðna Ágústsson?

Ingvar P. Guðbjörnsson.



Maskadagur

Það voru hressir krakkar sem tóku á móti blaðamanni BB þegar hann kíkti í heim-sókn í 1. bekk í Grunnskólanum á Ísafirði sl. föstudag. Blaðamaður fékk sér sæti með krökkunum og spurði þau út í dagskrá maskadagsins hjá þeim. Búningarnir eru auðvít- að efst á baugi og víst er að það verða hinir ýmsu furðu- fuglar á ferðinni þann daginn. Margir strákaanna ætla að vera ofurhetjur eins og spiderman, súperman og batman, nú eða ninja, star wars figúrur eða draugar. Stelpurnar eru meira í þessu bleika og ætla að vera fiðrildi, englar eða prinsessur, jafnvel drottningar. Einstaka norn mun þó leynast inná milli.

Síðan ætla þau að fara á grímuball í skólanum og þá verða kennararnir líka í búningum. Töluverðar pælingar voru um það hvort þau myndu nú þekkja kennarann sinn þegar hún væri komin í búning. Á ballinu ætla þau að dansa og fara í leiki. Svo fara krakkarnir að sjálfsögðu að maska, þau eru alveg með það á hreinu hvernig það fer fram, þá fara þau og „banka á hús og syngja og fá nammi“, ekki amalegt það. Annars eru þau mörg hver búin að vera í orkuátaki Latabæjar í febrúar og höfðu eilítlar áhyggjur af því að fá mínusstig fyrir að borða svona mikið nammi, en flest ætluðu þau bara að fá sér lítið á maskadaginn og

geyma afganginn fram á laugardag.

Saga dagsins

Mánudagurinn í 7. viku fyrir páska nefnist bolludagur en á Ísafirði kallast hann líka maskadagur. Flengingar og bolluát eiga sér fyrirmynd í kaþólskum sið en til Íslands bárust siðirnir seint á 19. öld. Erlendis tíðk- aðist að slá köttinn úr tunnunni þennan dag og vitað er um slíkt hér á landi fyrir 1870. Á síðari hluta 19. aldar mars- eruðu grímuklæddir drengir á bolludag/maskadag um götur bæjanna hér á landi með söng og betli. Þótti mörgum þetta hinn verstí ósiður og svo fór að hann lagðist af víðast hvar.

Akureyringar héldu þó í hefð- ina en þar varð sú breyting á um 1915 að siðurinn fluttist yfir á öskudag. Marsering og kattaslager breiddust síðan út um land frá Akureyri og nú er svo komið að flestir lands- menn telja öskudag hinn eina sanna maskadag. Ísfirðingar hafa þó haldið í hina uppruna- legu hefð og maska, þ.e.a.s. klæðast grímubúningum, enn á bolludag.

Lengi vel var dagurinn sér- stakur hátíðisdagur í bænum sem hófst með flengingum snemma dags. Frægt er, að Þorvaldur Jónsson lækni lá í rúminu svo lengi sem nokkur von var á krökkum. Um 1930 vann Gunnar Ólafsson, síðar arkitekt, það afrek að flengja

sjálft yfirvaldið Odd Gíslason sýslumann á heimili hans. Munu fáir hafa leikið það eftir.

Þegar kvöldaði tók full- orðna fólkið við og gekk grímuklætt um bæinn og visi- teraði í hús. Ekki er vitað hvenær börnin tóku þann sið yfir en a.m.k. síðustu 60 árin hafa ísfrsk börn maskað á bolludag. Andstætt því sem gerist víðast hvar annars stað- ar á landinu þá maska börnin á Ísafirði um kvöldið, ganga í hús og segja frá eða syngja og fá að launum sælgæti.

Heimild: Árni Björnsson: Saga daganna.

Stuttar fréttir

Heimildin fullnýtt

Sveitarstjórn Súðavíkur- hrepps hefur samþykkt tillögu þess efnis að nýta til fullu heimild Launa- nefndar sveitarfélaga frá 28 janúar sl. til leiðrétting- ar á lægstu launum. Leið- réttingin skal gilda frá 1. janúar 2006 og koma skal til greiðslna eigi síðar en 1. mars nk. Kostnaður launaleiðréttingarinnar er áætlaður 50.000 krónur á ári. Með hækkunum er Súðavíkurhreppur að koma til móts við þróun sem hefur átt sér stað hjá sveitarfélögum víða um land.

Vinir í von

Stuðningshópur Krabba- meinsfélagsins Sigurvegar á norðanverðum Vestfjörð- um hefur hlotið nafnið Vin- ir í von. Nafnið var valið af þátttakendum fyrstu sam- verustundar ársins hjá hópnum. Samverustund- irnar hafa legið niðri um tíma af mörgum ástæðum. Nú hefjast þær á ný en markmið þeirra er að styðja við bak krabba- meinssjúkra og aðstand- enda þeirra. Samveru- stundirnar fara fram annan hvern laugardag og verður sú næsta 4. mars í hús- næði Sigurvegar.

Sækja um styrk

Tveir leikskólakennarar við Kennaraháskóla Íslands, þær Elsa María Thompson og María Petrína Berg, sem einnig eru starfsmenn Ísafjarðarbæjar og Vestur- byggðar, hafa óskað eftir leyfi til að vinna rannsókn í tengslum við lokaverkefni sitt við KHÍ með því að senda út spurningalista til foreldra og leikskóla. Þá óskuðu þær einnig eftir peningastyrk að upphæð 50 þúsund krónur frá Ísa- fjarðarbæ og 30 þúsund krónur frá Vesturbyggð. Umsókn þeirra var tekin fyrir í fræðslunefnd fyrir skemmstu og samþykkti nefndin fyrir sitt leyti að rannsóknin fari fram en benti jafnframt á að æsku- legt sé að hafa samvinnu við Fjölmenningarsetur um verkefnið.

Minnir á góðu tímana á Suðureyri

- 1. Crazy in love – Beyonce knowles**
Uppáhalds, uppáhalds lagið mitt. Lagið okkar Ír- isar, frábært að dansa við það.
- 2. Take my picture- Filter**
Minnir mig á gömlu góðu tímana á Suðureyri þegar ég var 17 ára nýkomin með pílpróf.
- 3. Never ever – All saints**
Já, þið lásuð rétt, sumarið '98 þegar ég og Arna Ósk mældum götur Suðureyrar

- með CD player og heyrnartól og þetta lag ómaði a.m.k. 30 sinnum á dag.
- 4. My humps - Black eyed peas**
Það er nú ekki leiðilegt að dilla sér við þetta lag. Minnir mig aðallega á krúsina.
- 5. Nothing compares 2 u – Sinéad O’connor**
Fæ alltaf sting í hjartað og tárast alltaf þegar ég hlusta á það, án efa fallegasta lag sem ég hef heyrð.

- 6. Söknuður- Vilhjálmur**
Hverjum finnst þetta lag ekki æðislegt? Minnir mig á afa heitinn.
- 7. Car Wash - Christina Aguilera**
Já, ég er öll í gelgjutónlist- inni finnst þetta æðislegt lag og mjög gaman að dansa við það.
- 8. Don’t phunk with my heart – Black eyed peas**
Minnir mig á seinasta sumar á Sjallanum langar alltaf að dansa eins og brjálæðingur

- þegar ég hlusta á það.
- 9. Song 2 – Blur**
Æðislegt lag! Dett aftur um átta ár þegar ég heyrir það. Þetta er lagið okkar Örn! Svo er Damon líka svo flottur sem geri lagið að sjálfsögðu enn flottara.
- 10. Jump around – House of pain**
Get aldrei hætt að fíla þetta lag. Minnir á tímabilið í kring- um '99 þegar maður var að byrja að djamma af viti.



Tinna Óðinsdóttir.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINN BESTI

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn



PÓSTURINN

allur pakkinn

Vestfirskar konur með 59% af meðalatvinnutekjum vestfirskra karla

Meðalatvinnutekjur í aðalstarfi á Vestfjörðum árið 2004 voru 2.344 þúsund, og höfðu aukist úr 1.912 þúsund árið 2000. Meðalatvinnutekjur á landsvísu voru 2.716 þúsund árið 2004. Hæstar meðalatvinnutekjur voru við veitustarfsemi, eða 4.130 þúsund árið 2004 og höfðu aukist úr 3.178 þúsund á fjórum árum. Það þarf líklega ekki að koma

neinum á óvart að meðalatvinnutekjur við fiskveiðar séu háar, en þær voru 2.964 þúsund árið 2004 en þær höfðu þó dregist saman á tímabilinu, úr 2.987 þúsund árið 2000, og er það eina atvinnugreinin sem lækkar í meðalatvinnutekjum. Langlægstar meðalatvinnutekjur voru í landbúnaði eða 737 þúsund árið 2004, en 679 þúsund árið 2000.

Meðalatvinnutekjur kvenna á Vestfjörðum árið 2004 voru 1.714 þúsund, á miðað við 2.895 þúsund hjá körlum. Vestfirskar konur eru því með 59% af meðalatvinnutekjum karla, og ná ekki meðalatvinnutekjum karla í neinum starfsgreinum, en hæst skráir Hagstofan meðalatvinnutekjur vestfirskra kvenna í fjármálaþjónustu þar sem þær eru

með 2.296 þúsund árið 2004, en þar eru karlar skráðir með 4.078 þúsund. Mestur munur er á meðalatvinnutekjum karla og kvenna við veitustarfsemi, en þar eru karlar með 4.508 þúsund en konur 1.781 þúsund, en það eru 39,5 % af meðalatvinnutekjum karla. Í einni atvinnugrein eru konur þó með hærri meðalatvinnutekjum, en það er við

landbúnað, og eru konur með 855 þúsund árið 2004 en karlar með 679 þúsund.

Tölurnar eru fengnar frá Hagstofu Íslands. Atvinnutekjur eru beinar skattskyldar launagreiðslur fyrir vinnuframlag í aðalstarfi auk dagpeninga og ökutækjastyrks. Aðalatvinnugrein hvers starfandi manns telst vera sú atvinnugrein sem skilar hæstum

tekjum í hverjum mánuði, ef fleiri en ein grein kemur til greina. Meðalatvinnutekjur er summa árstekna fyrir aðalstarf í hverri atvinnugrein deilt með meðalfjölda starfandi. Þetta má túlka sem meðalárslaun í aðalstarfi ef unnið er alla tólf mánuði ársins. Meðalatvinnutekjur eru óháðar vinnutíma í mánuði og því er ekki um ársverk að ræða. – eirikur@bb.is

Sigurður sigraði í prófkjöri Í-listans

Sigurður Pétursson, sagnfræðingur og kennari við Menntaskólann á Ísafirði fékk flest atkvæði í prófkjöri Í-listans í Ísafjarðarbæ sem fram fór á laugardag. Sigurður fékk 192 atkvæði í 1. sæti og alls 294 atkvæði. Í öðru sæti varð Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi Frjálslynda flokksins í Ísafjarðarbæ með

122 atkvæði í 2. sæti og alls 203 atkvæði.

Í þriðja sæti varð Arna Lára Jónsdóttir, stjórn málafræðingur og verkefnisstjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða með 130 atkvæði í 3. sæti og alls 160 atkvæði og í fjórða sæti varð Jóna Benediktsdóttir, aðstoðarskólustjóri á Ísafirði með alls 235

atkvæði í 1.-4. sæti.

Sigurður og Arna Lára eru fulltrúar Samfylkingarinnar í Í-lista samstarfinu og Jóna Benediktsdóttir er fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs. Alls greiddu 478 einstaklingar atkvæði í prófkjöri. Kosningin var bindandi fyrir fjögur efstu sætin.

– bb@bb.is



Ólína Þorvarðardóttir óskar eiginmanni sínum, Sigurði Péturssyni, til hamingju með sigurinn.



Helgi Helgason dyttar að stauraflotbryggjunni.

Flotbryggjan sett niður

Viðgerð á gömlu stauraflotbryggjunni í Sundahöfn á Ísafirði, sem tekin var niður fyrir um mánuði, fer senn að ljúka og standa vonir til að hún verði komin á sinn stað í þessari viku, að sögn Helga Helgasonar hjá Skipaþjónustu Íslands ehf., sem annast hefur viðgerðina.

„Það er verið að bíða eftir stórstraumsfjöru til að geta skoðað staurana áður en við setjum bryggjuna niður“, segir Helgi. Aðspurður segir Helgi að viðgerðirnar hafi falist í því að skipt var um timbur í flotholtum, skipt um stuðkanta, dytta þurfti að fimm flotholtum úr trefjaplasi. Síðan þurfti að endurnýja og laga allar festingar. Umrædd bryggja er elsta stauraflotbryggja á landinu og er frá árinu 1972.

– eirikur@bb.is

Skorað á bæjaryfirvöld að styttu ekki opnunartíma Langa Manga

Áskorun um að styttu ekki opnunartíma kaffihússins Langa Manga á Ísafirði með undirskriftum 831 bæjarbúa var afhent sýslumanninum á Ísafirði og staðgengli bæjarstjóra á föstudag. Fyrir undirskriftasöfnuninni stóð hópur viðskiptavina og velunnara Langa Manga eftir að bæjarráði bárust kvartanir undan hávaða frá íbúum í næsta nágrenni við Langa Manga.

„Okkur fannst sem það heyrðist bara ein rödd í þessari umræðu og því vildum við koma á framfæri rödd gesta Langa Manga og annarra bæjarbúa sem vilja hafa miðbæjararmenningu“, segir Eygló Jónsdóttir, sem afhenti undirskriftalistana fyrir hönd hópsins. Í áskoruninni sem ber yfirskriftina „Miðbær eða svefnbær?“ segir meðal annars að kaffihúsið sinni fjölbreyttri menningarstarfsemi og að stytting á opnunartímanum



Sigríður Björk Guðjónsdóttir sýslumaður á Ísafirði tekur við undirskriftarlistum úr höndum Eyglóar Jónsdóttur, eins þeirra sem stóðu að undirskriftasöfnuninni. gæti kippt rekstrargrundvelli undan staðnum. Þá sé miðbæjarstemming stolt hvers bæjarfélags. Engin ákvörðun hefur verið tekin í málinu en verið er að

vinna í því hjá bæjaryfirvöldum. Undirskriftasöfnunin stóð yfir í viku og lágu bæði listar frammi á ýmsum stöðum í bænum og eins var hægt að undirrita nafn sitt rafrænt á

netinu. Langa Manga var opnaður 2003 og frá stofnun kaffihússins hefur þar verið staðið fyrir ýmsum menningarviðburðum.

– thelma@bb.is